



FRÉTTABLAÐIÐ


FRÍTT

21. nóvember 2005 – 315. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Björk er fertug í dag



Björk Guðmundsdóttir er sá Íslendingur sem lengst hefur náð á listasviðinu og hefur Ísland notið góðrar kynningar í gegnum vinsældir hennar.

TÍMAMÓT 22

Pekking eyðir ótta

Sá sem þjáist af geðklofa er oft ekki fær um að bera hönd fyrir höfuð sér og berjast fyrir sjálfsögðum mannréttindum og virðingu í samfélaginu, segir Vala Lárusdóttir.



UMRÆÐAN 20

Aftur á sigurbraut

Fram komst aftur á beinu brautina í gær þegar liðið heimsótti bikarmeistarara ÍR í Breiðholtið. Heimavöllurinn hélt aftur á móti í Digranesi þegar FH heimsótti HK.



ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



Hvassviðri á annesjum norðvestan og norðan til.

BJART MEÐ KÖFLUM norðan og austan til en yfirleitt skýjað annars staðar og hætt við litilsháttar skúrum eða eljum hér og hvar á vesturluta landsins. Rigning suðaustan til í kvöld. Hiti 0-6 stíg. **VEÐUR 4**

Kjör aldraðra batna minnst

Tölur forsætisráðherra um að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hafi aukist um 60 prósent á síðustu tíu árum eiga ekki við um meirihluta aldraðra. Kaupmáttur þeirra hefur aðeins aukist um tæp tíu prósent á sama tíma. Sé horft aftur til ársins 1988 hefur kaupmáttur ellilífeyristekna í raun lækkað.

KAUPMÁTTUR Kaupmáttur ráðstöfunartekna meirihluta aldraðra hefur ekki hækkað neitt í líkingu við það sem stjórnvöld vilja meina samkvæmt nýjum útreikningum Landssambands eldri borgara. Sýna þeir útreikningar að kaupmáttur ráðstöfunartekna venjulegs ellilífeyrisþega frá árinu 1995 hefur aðeins hækkað um tæp tíu prósent og í raun lækkað sé farið aftur til ársins 1988.

Dæmi er tekið af ellilífeyrisþega sem er í sambúð. Meðaltekjur hans úr lífeyrissjóði eru 47.600 krónur sem þýðir að kaupmáttur ráðstöfunartekna hans hefur aukist um 9,6 prósent frá 1995. Sé farið

lengra aftur, til ársins 1988, hefur kaupmáttur þessa sama manns beinlínis rýrnað um 1,6 prósent.

Sé litið á þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega með enn hærri tekjur úr lífeyrissjóði er staðan enn verri. Þannig hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna einstaklings með 144 þúsund króna ellilífeyri aðeins aukist um 2,1 prósent síðustu tíu ár.

Þessar tölur eru í ósamræmi við yfirlýsingar Halldórs Ásgrímssonar að almennur kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi aukist héraðs um allt að 60 prósent á síðustu tíu árum.

Gögn þessi hafa þegar verið

lögð fram fyrir sérstaka samráðsnefnd um öldrunarmál, en þar sitja þeir Pétur Guðmundsson og Einar Arnason frá Landssambandi eldri borgara auk þeirra Hallgríms Guðmundssonar og Eyþórs Benediktssonar frá fjármálaráðuneytinu og Hrannar Ottósdóttur og Jóns Sæmundar Sigurjónssonar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Pétur segir engar athugasemdir hafa verið gerðar við útreikningana enda gefi þeir rétta mynd af raunverulegri stöðu mála meðal aldraðra og ekkert hægt að véfengja þar. „Það er staðreynd að ellilífeyrisþegar hafa setið eftir

og allt tal um annað er bara þessi venjulegi leikur að tölum sem embættismenn eru svo hrifnir af í því skyni að slá ryki í augu fólks.“

Pétur hefur um alllangt skeið staðið í eldlínunni fyrir eldri borgara en segist ekki sérstaklega bjartsýnn hvað varðar störf þeirrar nefndar sem hann situr nú í. „Nei það get ekki sagt. Það er ekkert nýtt að okkur er oft ýtt til hliðar en ég hefði kannski haldið að þar sem líða fer að kosningum að þessir háu herrar hefðu vit á að taka betur á móti okkur gamla fólkinu enda stór hópur sem hefur kosningarétt.“

- aõe / sjá síðu 6



AMIR PERETZ FÆR HLÝJAR MÓTTÖKUR HJÁ STUÐNINGSMÖNNUM SÍNUM Í GÆR Ísraelski verkamannaflokkurinn hefur heldur betur hrist upp í ísraelskum stjórnmálum undanfarið, fyrst með því að kjósa sér herskán verkalyðsleiðtoga í formannsembættið, og svo í gær með því að samþykka tillögur nýja leiðtogans um að slíta stjórnarsamstarfi við Ariel Sharon og Likud-flokkinn. Í gærkvöld skýrði útvarp Ísraelska hersins einnig frá því að Ariel Sharon hefði sagt skilið við Likud-flokkinn. **MYND/PAF**

Banaslys í Borgarfirði:

Bíll lenti úti í Norðurá

BANASLYS Maður á sextugsaldri lést eftir að bíll hans fór útaf veginum í Norðurárdal í Borgarfirði í gærdeg skammt ofan við bæinn Sveinatungu og endaði úti í Norðurá. Að sögn sjónarvotta missti maðurinn stjórn á bíl sínum en töluverð hálka var á þessum slóðum. Var maðurinn úrskurdaður látinn á slysstað.

Lögreglunni í Borgarnesi barst tilkynning um slysið rétt fyrir klukkan hálf þrjú. Aðstæður á slysstað voru mjög erfiðar en bíllinn var á kafi í ánni og gekk á með eljum. Í fyrstu var óttast að fleiri hefðu verið í bílnum en síðar kom í ljós að maðurinn var einn á ferð.

Alls komu um 25 manns að björgunaraðgerðum, lögregla, slökkvilið, sjúkralutningamenn og björgunarsveitarmenn en björgunarstarfi lauk um sjö leytið í gærkvöldi.

EKKI er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.

- fgg


Íslendingar vilja að lesbíur fái að eignast börn með gjafasæði:

Sýnir umburðarlyndi fólks

SKOÐANAKÖNNUN „Þetta eru stórkostlegar tölur en við höfum ekki haft neina beina vitneskju um hver afstaða Íslendinga væri í þessu máli,“ sagði Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna '78, þegar hún var innt eftir viðbrögðum við niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, sem sýna að rúm 82 prósent eru því fylgjandi að lesbíur í sambúð fái að eignast börn með gjafasæði.

„Þetta eru mun betri tölur en ég hafði giskað á,“ segir Hrafnhildur og taldi þessar niðurstöður bera vitni um þá skynsemi sem Íslendingar hafa sýnt í þessu máli. „Við höfum haft grun um að þjóðin væri komin fram úr lögjafanum í þessu máli og þessar tölur sýna það,“ segir hún og telur viðhorf

Á AÐ HEIMILA LESBÍU Í SAMBÚÐ AÐ GANGAST UNDIR TÆKNIFRJÓVGUN MEÐ GJAFASÆÐI?



þjóðarinnar vera allt annað en fyrir tíu árum. „Þetta kemur því ánægjulega á óvart.“

Árni Magnússon félagsmálaráðherra gladdist mjög yfir þessum

niðurstöðum og sagði þær sýna hversu umburðarlynd þjóð Íslendingar væru. „Þetta mál er þess eðlis að þetta kemur mér ekki á óvart. Ég er mjög ánægður að sjá að stjórnvöld skuli í þessu máli vera á leið sem fellur þjóðinni í geð.“

Árni taldi ennfremur mjög mikilvægt að þjóð og þing væru samstiga í þessum efnum og það væri það sem nú ætti sér stað. Frumvarp Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra mun taka á þessu máli og Árni taldi því að nú væri horft fram á hjartari, frjálslyndari og umburðarlyndari tíma.

Sjálfur segist félagsmálaráðherra vera mjög eindreginn í afstöðu sinni til þessa máls sem hann telur sjálfsögð réttindi

- fgg / sjá síðu 4

Lestur meðal 25-49 ára

Fasteignir

40% Fréttablaðið

24% Mbl.

Hús ofl. á mánuðegi

Fasteignablað Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005. Lestur meðal 25-49 ára.

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagur

Kópavogur / Ísland

591 3000



SPURNING DAGSINS

Össur, ertu fimm prósent virði?

„Elskan mín, ég er að minnsta kosti af rauðvinsstyrkleika!”

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins hefur fylgi Samfylkingarinnar dalað um tæp fimm prósent eftir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók við formennsku af Össuri Skarphéðinssyni.

Fellibylurinn Gamma reið yfir Hondúras í fyrrinótt:

Níu manns látnir og tugir slasaðir

FELLIBYLUR Minnst níu létust og tugir slösuðust þegar fellibylurinn Gamma gekk yfir Hondúras í fyrrinótt. Honum fylgdi mikið úrhelli og bárust víða að tilkynningum um flóð og skriður og talið líklegt að mun fleiri hafi látist.

Stjórnvöld höfðu áður flutt tíu þúsund manns á brott frá þeim stöðum sem fellibylurinn gekk yfir en eyðileggingin var mikil. Þúsundir eru heimilislausir og vegir og ræktunarsvæði illa farin.

Fellibylurinn Gamma er númer 24 í röð þeirra storma og fellibylja sem komið hafa að landi einhvers staðar í Mexíkó-



flóa eða í Karíbahafinu á þessu ári og hafa þeir aldrei áður verið fleiri.

Enn er mikill styrkur í Gamma og gera veðurfræðingar ráð fyrir að hann komi næst að landi við vesturströnd Kúbu og fari þaðan áleiðis til Jamaíku. Stormviðvaranir hafa verið gefnar út á báðum stöðum. ■

UPPBÝGGING FRAMUNDAN

24. fellibylur ársins olli miklu búsifjum í Hondúras og í Belís og mikið starf framundan fyrir íbúa.

AFP.NORDICPHOTOS/AFP

LÖGREGLUMÁL

Beltin björguðu Bill valt við Þorgeirsstaði í Lóni aðfaranótt sunnudags. Prent var í bílnum en enginn slasaðist. Bæði ökumaður og farþegar voru í bílbeltum og mun það hafa gert gæfumaninn. Bíllinn skemmdist mikið og er jafnvel ónýtur. Þá hafði lögreglan í Höfn afskipti af fjórum öikumönnum

Árekstur á Kársnesbraut Tveir bílar rákust harkalega saman á Kársnesbraut í gær. Annar ökumaðurinn var fluttur á slysadeild en meiðsl hans reyndust ekki alvarleg. Bæði ökutækin voru ókufær og dregin í burt. Á laugardagsnótt hafði lögreglan afskipti af tveimur öikumönnum sem grunaðir voru um ölvunarakstur. Snemma á sunnudagsmorgun var þriðji ökumaðurinn stöðvaður grunaður um ölvun.

BANDARÍKIN

Saklaus tekinn af lífi? Efasemdir hafa vaknað um að maður sem var tekinn af lífi í Texas fylki árið 1993 fyrir hrottalegt morð hafi verið sekur. Árið 1985 var hinn 17 ára gamli Ruben Cantu dæmdur til dauða fyrir morð árið áður. Eina vitnið hefur nú breytt framburði sínum og segist hafa bent á Cantu vegna þrýstings frá lögreglu.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem bygga á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.



FRAMKVÆMDIR Á BÍLDUDAL Bygging kalkþörungaverksmiðu komst í uppnám eftir að Landsbankinn vildi ekki lána fé til framkvæmdanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Byggðastofnun hætt að lána

Byggðastofnun hefur stöðvað allar lánveitingar vegna slæmrar fjárhagsstöðu. Framkvæmdastjóri segir að þrátt fyrir bættu þjónustu séu mörg brýn verkefni sem bankarnir vilja ekki fjármagna á landsbyggðinni.

BYGGÐAMÁL Stjórn Byggðastofnunar tók ákvörðun um það í lok október að stöðva allar lánveitingar í bili. Að sögn Aðalsteins Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Byggðastofnunar, var stofnunin komin undir þau mörk sem fjármálaeftirlitið setur varðandi eiginfjárlutfall fjármálastofnana.

„Okkur þótti því skynsamleg afstaða að staldra aðeins við. Hvað þetta ástand varir lengi þori ég ekki að segja til um eins og er, en það er nefnd á vegum iðnaðarráðherra að fara yfir stöðu stofnunarinnar í ljósi þess að rekstrarumhverfið hefur breyst.“

Aðalsteinn kveðst ekki gera aðrar kröfur til stjórnvalda nema



AÐALSTEINN ÞORSTEINSSON Byggðastofnun var komin undir mörk sem yfirvöld setja um eiginfjárlutfall fjármálastofnana.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR GUÐMUNDSSON

að þau taki afstöðu til hlutverks Byggðastofnunar og með hvaða hætti hún eigi að starfa. Sjálfur telur hann þörf fyrir lána-

starfsemi af þessu tagi, því þótt þjónusta banka og fjármálafrýrtækja hafi aukist undanfarið ár og aðgengi að fjármagni aukist, séu enn mörg brýn verkefni sem bankarnir vilja ekki fjármagna. „Ég á bág með að tjá mig um einstök dæmi, þar sem það hvílir bankaleynd á þessum viðskiptum, en nýlega var sagt frá því í fréttum að Landsbankinn vildi ekki veita lán til byggingar kalkþörungaverksmiðu á Bíldudal. Ég myndi segja að þetta væri skýrt dæmi um að það er enn þörf fyrir stofnun á borð við Byggðastofnun.“

Aðalsteinn segist sjá Byggðastofnun áfram sem fjármálastof-

un, en nýrri stefnumótun, sem stendur yfir núna, verði að vera lokið fyrir áramót. „Við erum komnir í klemmu hvað varðar lagaskilyrði gagnvart fjármálaeftirlitinu og það eitt og sér veldur því að stofnunin gæti misst starfsleyfið verði ekki brugðist við.“

Þá bendir hann á að bág fjárhagsstaða Byggðastofnunar hafi blasað við lengi og sé endurskoðun sem á sér stað núna hefði átt að fara fyrir af stað og ganga hraðar fyrir sig. „En það er kominn fullur kraftur í það starf núna og ég á von á að því ljúki fyrir áramót.“

Ekki náðist í Valgerði Sværisdóttur iðnaðarráðherra vegna málsins. bergsteinn@frettabladid.is

Alþingismaður leitar svara um Byggðastofnun:

Fær úttektina ekki afhenta

BYGGÐAMÁL Valgerður Sværisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, boðaði í apríl síðastliðnum úttekt á starfsemi Byggðastofnunar. Í september lagði Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, fram fyrirspurn þar sem hún spurði hvað úttektinni liði, hvort niðurstöður lægju fyrir, hvernig ætti að nýta þær og hvort sú vinna hefði hafist.

Í síðustu viku svaraði Valgerður Önnu Kristínu og sagði að úttektin hefði verið gerð og lægi fyrir í iðnaðarráðuneytinu þar sem hún væri aðgengileg fyrir þingmenn.

„Síðan hafa starfsmenn þingsins reynt að nálgast þessa úttekt fyrir mína hönd í tvo daga en árangurslaust,“ segir Anna Kristín. „Mér var lofað að hún yrði send strax, en ekkert gerðist. Ég talaði við ritara ráðherra á föstudag og



ANNA KRISTÍN GUNNARSÓTTIR Kveðst hafa ítrekað beðið um úttektina en án árangurs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

var lofað að úttektin yrði send rakleiddis. Heima beið mín sending frá ráðuneytinu en það var allt önnur skýrsla en ég hafði beðið um. Mér finnst þetta mál afar undarlegt.“

Anna Kristín segir að á þess-

ari skýrslu hafi átt að byggja nýja stefnumótun Byggðastofnunar og þótt sú vinna sé hafin er úttektin forsenda nýrrar stefnumótunar.

Ekki náðist í Valgerði Sværisdóttur vegna málsins.

-bs

Vinnur þú milljón í dag?

HAPPA PRENNAN

Sá á fund sem finnur!

ÞÚ GÆTIR HAFT
BESTA TÍMAKAUP
ÆVINNAR Á ÞEIM
MÍNÚTUM SEM
ÞAÐ TEKUR ÞIG AÐ
SKIPTA UM BANKA.

ENHETI / 01A / AN0109



Óskaðu eftir tilboði í bankaviðskipti

KB banki býður þér að fá sérsníðð tilboð í öll bankaviðskipti sem þú þarft á að halda. Tilboðið er þér að kostnaðarlausu og án allra skuldbindinga. **Hafðu samband og óskaðu eftir tilboði með þínu nafni hjá þjónustuveri okkar í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibúi.**



Nýtt frumvarp til laga um atvinnuleysisbætur í samræmi við nýgerða samninga:

Grundvallarbreyting á bótakerfinu

KJARAMÁL Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra gerir ráð fyrir að á yfirstandandi þingi verði lagt fram og lögfest frumvarp um atvinnuleysisbætur í samræmi við nýtt samkomulag ríkisstjórnarinnar og aðila vinnnumarkaðarins. Atvinnuleysisbætur verði þar í fyrsta skipti tekjutengdar og 180 þúsund króna þak sett á þær í samræmi við nánari útfærðar reglur. Halldór segir að hér sé um grundvallarbreytingu að ræða. Um helmingur atvinnuleysis sé í þrjá mánuði að minnsta kosti og niðurstaða nefndar á vegum félagsmálaráðherra sé að þeir

sem fyrir því verði geti notið allt að sjötíu prósent launa fyrstu þrjá mánuðina.

Halldór sagði jafnframt á fundi með blaða- og fréttamönnum í fyrradag að vilji væri til þess að samræma reglur um örorkubætur úr almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðakerfinu. Fram kom að skipuð yrði nefnd á næstu dögum til þess að fara yfir málið. Halldór sagði að skýra þyrfti reglur, samræma og ef til vill herða þær. Sjálfur skipar hann formann nefndarinnar en ætlunin er að hún skili niðurstöðum sem fyrst. Kostnaður ríkisins vegna máls-



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA Ráðherrann boðaði tekjutengingu atvinnuleysisbóta.

ins verður í fyrstu 1,5 milljarðar króna en allt að tveir milljarðar árið 2009.

Halldór taldi samningana í vikunni afar mikilvæga og þeir mörkuðu ákveðin tímamót. -jh

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 18.11.2005			
KAUP SALA			
	USD	61,84	62,14
	GBP	105,89	106,41
	EUR	72,21	72,61
	DKK	9,684	9,74
	NOK	9,177	9,231
	SEK	7,531	7,575
	JPY	87,61	88,13
SDR		XDR	87,73 88,25

Gengisvísitala krónunnar
102,0777

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VALGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði: **Valgerður mun draga sig í hlé**

SVEITARSTJÓRNARMÁL Valgerður Sigurðardóttir hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér á lista Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Valgerður sóttist eftir að leiða flokkinn en mátti lúta í lægra haldi fyrir Haraldi Ólasyni í prófkjöri á laugardaginn. Þýðir þetta að átta efstu færast upp um eitt sæti. ■



LISTI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í HAFNARFIRÐI

1. Haraldur Ólason
2. Almar Grímsson
3. Rósa Guðbjartsdóttir
4. María Kristín Gylfadóttir
5. Bergur Ólafsson
6. Skarphéðinn Orri Björnsson
7. Gurún Jónsdóttir

LÖGREGLUFRÉTTIR

Útafakstur á Hellsisheiðinni Bíll keyrði út af á Hellsisheiði laust fyrir klukkan sjö í gærkvöldi. Er talið að ökumaður hafi misst stjórn á bílnum en töluverð hálka var á heiðinni. Var ökumaðurinn í bílbelti og varð það honum til happs en hann reyndist ómeiddur. Bíllinn er hins vegar mikilvæg skemmdur ef ekki ókufær.

Mikill stuðningur við rétt til tæknifjórðungunar

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins styðja rúm 82 prósent Íslendinga rétt lesbía í sambúð til að gangast undir tæknifjórðung með gjafasæði. Konur eru því hlyntari en karlar.

SKOÐANAKÖNNUN 82,3 prósent Íslendinga segja að það eigi að heimila samkynhneigðum konum í sambúð að eignast börn með því að gangast undir tæknifjórðung með gjafasæði. 17,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu, voru því andvíg.

Fyrir helgi kynnti ríkisstjórnin nýtt frumvarp til laga sem bæta á réttarstöðu samkynhneigðra til jafns við gagnkynhneigða. Í frumvarpinu felst meðal annars að samkynhneigðir geti fengið óvígða sambúð skráða í þjóðskrá, að samkynhneigðum verði heimilt að ættleiða börn og kona, í staðfestri samvist með annari konu, hefur rétt til að gangast undir tæknifjórðung með gjafasæði líkt og gagnkynhneigð pör.

Nokkur munur er á afstöðu karla og kvenna í skoðanakönnun Fréttablaðsins. Konur voru heldur



MIKIL JÁKVÆÐNI Mikill meirihluti Íslendinga er fylgjandi því að lesbíur í sambúð eigi þess kost að eignast börn með tæknifjórðung. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

jákvæðari gagnvart því að lesbíur í staðfestri samvist hefðu rétt á að gangast undir tæknifjórðung, og töldu 85,6 prósent þeirra að slíkt ætti að heimila. 14,4 prósent


kvenna voru því andvígur. Hins vegar töldu 79 prósent karla að slíkt ætti að leyfa, en 21 prósent karla voru því andvígur.

Þá var einnig munur á afstöðu þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og þeirra sem búa á landsbyggðinni. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu voru frekar jákvæðari gagnvart því að heimila lesbíum í sambúð að gangast undir tæknifjórðung, eða 86,1 prósent. 13,9 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins voru því andvíg. 77,0 prósent íbúa landsbyggðarinnar vildu heimila lesbíum þennan rétt, en 23 prósent voru því andvíg.

Hringt var í 800 manns 19. nóvember, og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Á að heimila lesbíu í sambúð að gangast undir tæknifjórðung með gjafasæði? 88,5 prósent þeirra sem spurðir voru tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabla-

Á að heimila lesbíu í sambúð að gangast undir tæknifjórðung með gjafasæði?

Skoðanakönnun Fréttablaðsins 19. nóvember



FRAMKVÆMDARSTJÓRN AVION GROUP Fyrirtækið þykir annað framsæknasta fyrirtækið í Evrópu

Framsækin fyrirtæki í Evrópu: **Avion Group í öðru sæti**

VIÐSKIPTI Avion Group fékk afhenda viðurkenningu fyrir að vera annað framsæknasta fyrirtæki Evrópu árið 2005 í Barcelona á laugardaginn.

Meðal þeirra sem voru viðstaddir voru þeir Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, og Joseph Borrell, forseti Evrópuþingsins. Það var Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, sem veitti viðurkenningunni viðtöku og sagði meðal annars við þetta tilefni að stefnt væri að skráningu fyrirtækisins á hlutabréfmarkað strax í upphafi næsta árs. -fgg

Kjördæmaþing Framsóknar: **Flugvöllurinn verði um kyrrt**

STJÓRN MÁL Brýnt er að Reykjavíkurlugvöllur verði áfram í höfuðborginni að mati framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi, en kjördæmiþing þeirra var haldið á Akureyri og lauk í gær.

Á þinginu voru samþykktar fjölmargar ályktanir, til dæmis að eðlilegt sé að við endurskoðun stjórnarskrárinnar verði opnað fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur og skýrar reglur mótaðar þar um. Þá lagði þingið áherslu á áframhaldandi uppbyggingu Háskólans á Akureyri og lýsti yfir stuðningi við stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. -bs

www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil

Líttu eftir húðinni!

FEDTCREME®

- Á þurra og sprungna húð
- Inniheldur ekki ilm- eða litarefni

REPAIR®

- Á mjög þurra og illa farna húð
- Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Krínglunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungavík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarás

VEÐURSPÁ

um hádegis »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

KÓLNANDI VEÐUR
Eftir hlýja helgi er hitinn nú hægt á niðurléið og verður víðast komið frost á miðvikudag eða fimmtudag. Það verður vindasamt í dag, hvassviðri eða jafnvel stormur á annesjum norðan og norðvestan til, að Breiðafirði. Annars staðar verður vindur nokkuð hægari. Það lægir nokkuð síðdegis.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Suðvestan strekkjngur framán af degi en svo hægari. Skýjað og yfirleitt úrkumulitíð. Hiti 1-4 stíg.

» á morgun
Viðast strekkjngur
» miðvikudagur
Ákveðin norðvestlæg átt.

Kaupmannahöfn	4°C hálfskýjað	Paris	9°C heiðskirt	Alicante	21°C heiðskirt
Oslo	2°C slydda	Berlín	5°C heiðskirt	Milano	10°C heiðskirt
Stokkhólmur	3°C hálfskýjað	Frankfurt	7°C heiðskirt	New York	12°C skúrir
Helsinki	1°C hálfskýjað	Madrid	15°C heiðskirt	San Francisco	22°C heiðskirt
London	9°C heiðskirt	Barcelona	16°C heiðskirt	Orlando/Florida	24°C þrumur

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Toyota styrkir Mæðrastyrksnefnd

Ánægjan er okkar, þín og þeirra



ÍSÉNKA AUGÚSTINGASTOFAN/ISIA.IS TOY30634 11/2015

Lykill að gleðilegum jólum

Toyota vill veita öðrum hlutdeild í velgengni fyrirtækisins á árinu. Þess vegna liðsinnum við Mæðrastyrksnefnd með sérstökum hætti.

Með hverjum nýjum bíl sem við afhendum kaupanda á tímabilinu 21. nóvember til 20. desember gefum við þrjár jólagjafir til Mæðrastyrksnefndar: Matarkörfu, gjöf fyrir stúlku og gjöf fyrir dreng.

Að sama skapi hvetjum við önnur fyrirtæki og einstaklinga sem velgengni hafa átt að fagna á árinu að láta gott af sér leiða um Jólin.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



George W. Bush í þriðju Kínaheimsókn sinni:

Ætlar til Mongólíu í dag

BEIJING, AP Forsetar Bandaríkjanna og Kína hittust í Alþýðuhöllinni í Peking í gær, rétt hjá Torgi hins himneska friðar.

George W. Bush skrápp í heimsókn til Kína og lagði hann mikla áherslu á að kínversk stjórnvöld veittu íbúum landsins meira frelsi. Hann fékk einnig endurnýjuð loforð frá Hu Jintao um að opna hinn gríðarstóra kínverska markað fyrir bandarískum vörum, án þess þó að þeim loforðum hafi enn fylgt neinar áþreifanlegar efndir.

Heimsóknin virtist skila litlum árangri í öðrum málum sem Bandaríkjamenn hafa lagt

áherslu á, svo sem kröfur þeirra um umbætur Kínverja í gjald-eyrismálum.

Þetta er í þriðja sinn sem Bush kemur til Kína í forsetatíð sinni. Frá Kína hugðist hann halda áfram í dag til Mongólíu, en þangað hefur enginn Bandaríkjaforseti lagt leið sína enn sem komið er.

Íbúar Mongólíu virðast gera sér vonir um að Bush muni heita þeim meiri aðstoð í efnahagsmálum. ■

BUSH Í KÍNA

Bandaríkjaforseti gretti sig í gærni fyrir ljósmyndara í Kína í gær.



Sveitarstjórnir í Danmörku:

Innflytjendum fjölgar

DANMÖRK Fjöldi innflytjenda í dönskum sveitarstjórnnum jókst töluvert eftir sveitarstjórnakosningarnar á þriðjudag. Verða þeir nú 67 talsins en voru á síðasta kjörtímabili 50.

Samkvæmt frétt Politiken í gær eru 8 af 55 borgarfulltrúum í Kaupmannahöfn af erlendu bergi brotnir en þar sem hlutfallið er hæst eru þeir fjórðungur bæjarfulltrúa.

Flestir eru í Jafnaðarmannaflokknum eða 38 talsins en 11 koma frá hinum stóra flokknum, Venstre.

Fylgi þessara tveggja flokka var álfika í kosningunum. -ls

KJÖRKASSINN

Er eftirsjá af Alfred Þorsteinssyni úr borgarpólitíkinni?

Já	31%
Nei	69%


SPURNING DAGSINS Í DAG

Mun Björn Ingi Hrafnsson leiða Framsóknarflokkinn í næstu borgarstjórnarkosningum?

Segðu skoðun þína á Vísu.is



HEILLANDI ÆVISAGA



Bók sem setur kardíommur í dagana!

Uppgjör brautryðjanda

„Edda Andrésdóttir heldur fimlega um penna ... svo úr verður bæði lifleg og fróðleg frásögn ... bók sem ætti að bæta margan manninn.“

—Sigríður Albertsdóttir, DV

„Skyldulesning.“

—Hemmi Gunn, Íslandi í bítíð.



Veröld
BÓKAFORLAG

BRÆDRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is



GÓÐÆRIÐ TEKID AF ELLILÍFEYRISPEGUM Ellilífeyrisþegar hafa misst af góðærinu og kaupmáttur þeirra að jafnaði aðeins aukist um tíu prósent á tíu árum.

Algjört sinnuleysi

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir það hafa verið stefnu þessarar ríkisstjórnar frá upphafi að leyfa öldruðum ekki að taka þátt í því góðæri sem hér hefur verið. Það sanni útreikningar Landssambands eldri borgara.

ELLILÍFEYRISPEGAR „Þetta hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar alla tíð frá 1996 að gefa ellilífeyrisþegum enga hlutdeild í þeirri uppsveiflu sem ríkt hefur hér undanfarin ár og þetta er staðfesting á því.“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Hún vitnar þar í gögn þau er komið hafa fram á fundum samráðsnefndar um öldrunarmál en samkvæmt þeim gögnum hefur þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna venjulegs ellilífeyrisþega í sambúð verið úr öllum takti við þá 60 prósentu aukningu sem forsætisráðherrann, Halldór Ásgrímsson, segir hafa átt sér stað hjá heimilunum í landinu síðustu tíu ár. Tölur Landssambands eldri borgara benda til að kaupmáttur sömu ráðstöfunartekna aldraðra hafi á sama tíma aðeins vaxið um



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR JÓN KRISTJÁNSSON

tæp tíu prósent.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, viðurkennir að tölurnar séu réttar. „Þetta er ekki alveg jafn einfalt og þetta hljómar. Kaupmáttur þeirra allra lægstu hefur hækkað að meira en þessar tölur gefa til kynna. Öllu máli skiptir að kaupmátturinn hefur hækkað. Auðvitað munar töluvert í prósentum en á það ber að líta að mikið launa-

skrið hefur orðið í þjóðfélaginu á þessum tíma og það hefur mikil áhrif auk annarra þátta. En þetta er ekkert nýtt heldur mál sem er stöðugt í umræðunni og við vitum af þessu.“

Ingibjörg Sólrún segir þetta hafa verið skipulagt allar götur frá því þessi stjórn tók við völdum. „Það fyrsta sem þessi stjórn gerði á sínum tíma var að aftengja lífeyri og laun og það hefur haft í för með sér að margir ellilífeyrisþegar eru á vonarvöl og það er hægt að segja að stjórnin hafi með þessum aðgerðum sínum tekið góðærið af ellilífeyrisþegunum. Þeir hafa alls ekki notið þess og það er ekkert sem hefur gerst óvart. Þetta hefur verið hrein og bein stefna síðan þessi ríkisstjórn tók við. Sinnuleysið er algjört.“

albert@frettablaðið.is

Formaður Húseigendafélagsins um há lántökugjöld vegna húsnæðiskaupa:

Munurinn kemur á óvart

HÚSNÆÐISMÁL „Kostnaður allur við lántöku íbúðarlána hér á landi er meiri en gerist og gengur erlendis, en hve mikill hann er kemur mér á óvart.“ segir Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins.

Neytendasamtökin kynntu í vikunni úttekt sína á lántökukostnaði vegna íbúðarkaupa hérlendis og í nýu öðrum löndum Evrópu. Kom þar fram skýr munur á kostnaði íslenskum neytendum í óhag.

Sigurður Helgi segir svo margt óskiljanlegt við þá gjaldtöku sem hér fari fram. „Lántökugjaldið til að mynda er eitthvað sem ég skil ekki. Þar er viðskiptavinurinn að greiða sérstakt gjald fyrir að eiga viðskipti við lánastofnunina þegar það í raun ætti að vera öfugt. Þetta gjald er óréttlátt og fleinn í okkar holdi.“ Sigurður segir að lengi hafi verið lýst yfir vilja til að



SKÝRSLAN KYNNT Lántökukostnaður er hár og vextir mun hærri hér á landi en í flestum öðrum löndum Evrópu samkvæmt könnun Neytendasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

fella burt stimpilgjöld en þau séu enn á sínum stað í dag og ekkert gerst. Einnig sé Ísland eina landið sem noti verðtryggingu og það séu leifar gamalla tíma og eigi að fella út.

Sigurður segir að Húseigendafélagið muni á næstunni leita

samstarfs við Neytendasamtökin og jafnvel umboðsmann neytenda um að knýja fram breytingar á stöðu mála sem augljóslega komi niður á íslenskum íbúðarkaupendum og kannski verst niður á unga fólkinu sem er að kaupa sína fyrstu eign. -aðe

**GJAFABRÉF
ICELAND EXPRESS
19.900 kr.**



GJÖF FYRIR ÞÁ SEM ELSKA AÐ FERÐAST

Gefðu draumaferð um jólin! Sala Iceland Express á jólagjafabréfum hefst í dag!

» Hættu að hafa áhyggjur! Þú leysir jólagjafavandann best með því að gefa gjafabréf frá Iceland Express. Bréfið kostar aðeins 19.900 krónur og innifaldar eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til hvaða áfangastaðar sem Iceland Express flýgur til. Gefðu elskunni þinni, foreldrum, krökkunum eða starfsfólkinu draumaferðina um jólin og þú getur verið viss um að gjöfin hittir í mark.

**SALA HEFST Í
DAG!**

» Bókunartímabil tilboðsins er til 1. febrúar 2006 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Tilboðið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2006*. Í boði eru spennandi flugferðir til Kaupmannahafnar, London, Friedrichshafen, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Stokkhólms, Berlínar og Alicante.

*Takmarkað sætaframboð





VEISTU SVARID

1 Hvað heitir frambjóðandinn sem mun leiða lista sjálfstæðismanna í Hafnarfirði?

2 Í hvaða borg á Englandi var lögreglukona myrt á föstudaginn?

3 Hver er miðborgarprestur?

Þrjátíu ár síðan einræðisherrann Francisco Franco lést:

Margir Spánverjar þekkja ekki söguna

SPÁNN Spánverjar minnst þess í gær að þá voru liðin 30 ár síðan einræðisherrann Francisco Franco lést og grunnur var lagður að því lýðræðislega ríki sem Spánn er í dag.

Var þéttsetinn bekkurinn í dómkirkjunni í Dal hinna föllnu skammt frá höfuðborginni Madrid þar sem Franco er grafinn en þar var haldin messa. Spánverjar eru margir hverjir enn klofnir í afstöðu sinni til einræðisherrans og fóru bæði fram göngur til minningar um hann en einnig göngur til að minnast fórnarlamba hans víða í borgum á Spáni.

Enn þann dag í dag finnst fjöldagrafir í landinu þar sem fórnarlömb dauðasveita hans liggja, en þrátt fyrir það er 40 ára ógnarstjórn hans að mestu ókunnungu fólki. Nýleg könnun sýnir að einn af hverjum þremur Spánverjum vissi ekki að Franco hrifsaði völdin af lýðræðislega kjörinni stjórn á sínum tíma. -aþe

FASISTAKVEÐJA NÆRRI MADRÍÐ
Hægrisinnaðir fasistar vottuðu Franco virðingu sína með fastistakveðju.



Vinstri grænir í Kópavogi:

Sex í framboði

SVEITARSTJÓRNARMÁL Alls hafa sex manns gefið kost á sér til forvalskosninga hjá vinstri grænum í Kópavogi en kosid verður um fyrstu fjögur sæti listans þann 26. nóvember næstkomandi.

Um er að ræða Ólaf Þór Gunnarsson, öldrunarlækni, Þorleif Friðriksson, sagnfræðing, Emil Hjörvar Petersen, háskólanema, Guðbjörgu Sveinsdóttur, geðhjúkrunarfræðing, Láru Jónu Þorsteinsdóttur, sérkennara og Sindra Kristinsson, nema. -fgr

Forsætisráðherra Taílands:


Trúir á stjórnur

BANGKOK, AP Thaksin Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, sagðist í gær ekki ætla að svara neinum spurningum fréttamanna fyrr en á næsta ári vegna þess hve stjórnurnar eru honum óhagsstæðar um þessar mundir.

Forsætisráðherrann segir að sér stafi mikil hætta af reiki-stjórnunni Merkúr, eins og staðan er í stjórnukortunum núna.

„Merkúr er ekki góður, og úr því hann er ekki góður, þá ætla ég að fara fram á það að segja ekkert. Ég verð bara að bíða fram á næsta ár eftir því að tala,“ sagði Thaksin við fréttamenn þegar hann var að koma aftur heim til Taílands eftir ferðalag til Suður-Kóreu og Kína.

Hann bætti því við að Merkúr hreyfðist hægt og yrði ekki hættur að ógna sér fyrr en á næsta ári.



AMIR PERETZ Hinum nýja leiðtoga Verkamannaflokksins varð að ósk sinni þegar flokksmenn samþykktu að slíta stjórnarsamstarfi við Ariel Sharon. MYND/AP

Ísraelsstjórn fellur

Ísraelski Verkamannaflokkurinn yfirgaf í gær stjórn Ariels Sharons. Kosningum verður flýtt. Sharon talinn ætla að stofna nýjan flokk.

JERUSALEM, AP Verkamannaflokkurinn í Ísrael samþykkti í gær á flokksþingi að slíta stjórnarsamstarfi við Ariel Sharon og Likud-flokkinn. Félagar í Verkamannaflokki fóru þar að vilja nýs leiðtoga flokksins, Amirs Peretz, sem segir stjórnina hafa aukið fátækt í landinu.

Kosningar áttu að fara næst fram í nóvember á næsta ári, en nú verður þeim líklega flýtt þangað til í mars.

Sjálfur er Sharon sagður velja því mjög fyrir sér að yfirgefa Likud-flokkinn, sem hann átti þátt í að stofna árið 1973. Hann hefur ekki gefið frá sér neina yfirlýsingu um þetta, en ýmsir stjórnmálamenn og fjölmiðlar í Ísrael telja tölurverðar líkur á því að hann muni stofna nýjan flokk eftir klofning í Likud út af brottflutningi hersins frá Gazasvæðinu.

Láti hann verða af því mun pólitískt landslag verða gjörbreytt þegar til kosninga kemur. Þar að auki eru Palestínúmenn núna að farnir búa sig undir kosningum, sem verða haldnar 25. janúar. Hamas-hreyfingin, sem ber ábyrgð á ýmsum ofbeldisverkum, býður í fyrsta sinn fram til

kosninga og gæti árangur hennar í grafið undan stjórn Mahmoud Abbas, leiðtoga Fatah-hreyfingarinnar sem til þessa hefur farið með völdin í Palestínu.

Peretz, sem hefur um langa hrif verið harðskeyttur verkalýðsleiðtogi, kennir bæði Ariel Sharon og Benjamin Netanjahú, fyrrverandi fjármálaráðherra stjórnarinnar, um að fátækt hafi aukist og hinir fátæku hafi verið „auðmýktir“.

Vardandi deilur Ísraelsmanna og Palestínúmannanna sagðist Peretz fylgja því að sameinuð Jerúsalem verði höfuðborg Ísraels, auk þess sem hann segist andvígur því að leyfa palestínúskum flóttamönnum að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í Ísrael. Hann sagðist einnig líta svo á að sjálfstætt ríki Palestínúmannanna verði bæði Ísraelsmönnum og Palestínúmönnum í hag.

gudsteinn@frettabladid.is

Átök í Danmörku:

Unglingar réðust að lögreglu

LÖGREGLA Fjöldaslagsmál urðu meðal hóps unglinga sem voru allir undir áhrifum alsælu á skemmtistað í Fredericia um helgina.

Þegar lögregla kom á staðinn skipti engum togum að unglingsarnir réðust að lögreglumönnum og þurfti að fá aðstoð lögreglumanna frá Vejle og Middelfart til að yfirbuga unglingana sem voru 30 til 40 talsins. ■



HALLDÓR OG PÁLMI Pálmi Gestsson um árabíl hermt eftir Halldóri Ásgrímssyni. FRÉTTABLAÐIÐ / ÓMAR

Spaugstofan:

Tuttugu ára afmæli fagnað

AFMÆLI Spaugstofan hélt upp á tuttugu ára starfsafmæli sitt í gær en hún hefur skemmt landsmönnum síðan 1985. Bauð hún af því til efni velunnurum sínum til veislu í Þjóðleikhúskjallaranum.

Mátti þar sjá marga af helstu ráðamönnum þjóðarinnar sem oftar en ekki hafa fengið á sig spaugilega mynd í greiningu þeirra Spaugstofumanna á mállefnum líðandi stundar. Vel fór á með grínurum og stjórnmálamönnum enda telja margir að það sé hinum síðarnefndu frekar til framdráttar en hitt að lenda í klónum á grínurum. -fgr

Reykjavíkurborg og félagsmálaráðuneytið undirrita samning:

Borgin tekur á móti flóttafólki

FLÓTTAFÓLK Reykjavíkurborg og félagsmálaráðuneytið hafa undirritað samning þess efnis að borgin sinni móttöku og þjónustu við flóttafólk sem hingað er komið frá Kólumbíu og Bosníu.

Alls hafa 31 flúið hingað undan stríðsátökum í heimalöndum sínum, þar af átján börn. Fólkid hefur þegar komið sér fyrir í Reykjavík og stunda hinir fullorönu íslenskunám af krafti en börnin hafa þegar hafið nám í skólum. Þykir fólkid hafa aðlagast vel á stuttum tíma.

Um samvinnuverkefni er að ræða milli borgarinnar, félagsmálaráðuneytisins og Rauða kross Íslands. Hefur fólkid öflugan hóp stuðningsfjölskyldna hér á landi sem eru sjálfboðaliðar á vegum Reykjavíkurborgar Rauða kross-



FLÓTTAMENN Árið 2003 kom hópur flóttamanna af Balkanskaganum til Akureyrar.

ins. Gert er ráð fyrir að stærstur hluti hinna fullorönu fari út á

vinnumarkaðinn að loknum sex mánaða aðlögunartíma. -aþe

**ÞAKKARGJÖRDAR-
KALKÚNNIN
Á HÓTEL CABIN**

Í tilefni Þakkargjörðardagsins 24. nóvember 2005 bjóðum við upp á hina árlegu kalkúnaveislu að hætti Bandaríkjamanna. Einungis þrjú skipti. Í hádeginu fimmtudaginn 24. nóvember og föstudaginn 25. nóvember. Nýjung í ár: Kalkúnaveisla föstudagskvöldið 25. nóvember.

Eftirréttur og kaffi að loknu kalkúnahlaðborði

Verð einungis 1.750 kr. í hádeginu 2.200 kr. föstudagskvöld (nýtt)

Borðapantanir í síma 511 6030

Ath! Í fyrra komust færri að en vildu. Pantíð timanlega.

Hótel Cabin
Borgartúni 32 • 105 Reykjavík

GOTT FOLK MCCANN

Skytturnar þrjár

Síðastliðið ár hefur verið ævintýri líkast. Að fá að taka þátt í að frelsa fólk úr álögum eru forréttindi. Við viljum því einfaldlega þakka ykkur Íslendingum kærlega fyrir móttökurnar og þá sérstaklega henni Guðríði á Framnesvegi sem bauð okkur upp á gómsætar pönnukökur með rjóma og heimatilbúnni rabarbarasultu.

Munið að ævintýrin gerast enn.

3.990*

HiveLite

Þráðlaust internet
4 GB niðurhal
8 Mb tenging
Hive netsími

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds fyrir aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is



*M.v. 12 mánaða samning.



Á FLUGSÝNINGU Elisabet II Englandsdrottning fylgist með flugsýningu breska flughersins á herflugvellinum Coltishall á fimmtudag, en þá var þess minnst að 65 ár voru síðan völlumurinn var tekinn í notkun. MYND/AP

Vírusvarnafyrirtæki varar við skaðlegri óværu sem berst í tölvupósti:

Sober aftengir varnir tölva

UPPLÝSINGATÆKNI Um þessar mundir eru að minnsta kosti þrjú ný afbrigði af Sober-tölvuorminum í umferð á internetinu. Sober er sú tegund af óværu sem berst í tölvupósti.

Ormurinn grefur sig í tölvuna þegar notandi opnar sýkt viðhengi sem borist hefur í tölvupósti.

Björn Davíðsson, þróunarstjóri Snerpu á Ísafirði, segir afbrigðin þrjú sem mest ber á núna geta aftengt vírusvarnarforrit ef þau hafa ekki verið rétt uppfærð með nýjustu upplýsingum um netóværu. „Því er rík ástæða til að leggja áherslu á það

við tölvunotendur að þeir haldi veiruvarnarforritum rétt uppfærðum,“ segir hann og bætir við að Kaspersky Lab veiruvarnarfyrirtækið hafi tilkynnt um mikinn fjölda af sýktum pósti sem hafi verið stöðvaður af hugbúnaði þess, KAV Antivirus. „Það hefur verið staðfest að sú alda sem nú gengur yfir sé af völdum Sober-ormsins, nánar tiltekið afbrigða sem gefin hafa verið nöfnin Sober.u, Sober.v og Sober.w.“

- óká

BJÖRN DAVÍÐSSON

Þróunarstjóri tölvuþjónustunnar Snerpu á Ísafirði varar við skaðlegri netóværu.



Spilling í Gvatemala:

Lögreglan stóð í kókaínsmygli

GVATEMALA Eitthvert hlé verður gert á baráttu yfirvalda í Gvatemala gegn sölu og smygli á fíkniefnum.

Æðsti yfirmaður stofnunar þar í landi, sem sett var á fót til að sporna við sölu og smygli á fíkniefnum, var handtekinn í Bandaríkjunum nýlega vegna gruns um að hafa ætlað að smygla tvö þúsund kílóum af kókaíni til landsins.

Málið er hið vandræðalegasta fyrir stjórnvöld í Gvatemala. Innanríkisráðherrann hefur nú lofað að opinber rannsókn muni fara fram á málinu og að allt verði gert til að svona muni ekki endurtaka sig. ■



MYNDLYKILL AFHENTUR Bergsveinn Snorrason, rekstrarstjóri Og Vodafone á Akureyri, afhendir óþreijufullum viðskiptavini nýjan myndlykil. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

365 ljósvakamiðlar:

Digital Ísland á Akureyri

TÆKNI Digital Ísland hóf formlega útsendingar á Akureyri síðastliðinn föstudag og var mikill handgangur í öskjunni í verslun Og Vodafone á Glerártorgi og hjá Radiónausti við að afhenda áskrifendum nýja myndlykla.

Útsendingar Digital Islands á Akureyri eru á UHF-tíðni og því geta Akureyringar ekki nýtt sér efni erlendra sjónvarpsstöðva sem Digital Ísland dreifir en samkvæmt lögum er bannað að dreifa erlendu sjónvarpsefni á UHF-tíðni.

Þær stöðvar sem standa Akureyringum til boða til að byrja með eru: Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2-Bíó, Sýn, Sirkus, NFS og Rúv. - kk



MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI Hópur kennara skoraði á menntamálaráðherra að bregðast við stjórnunarvanda.

Menntamálaráðuneytið:

Virðir ekki trúnað

MENNTAMÁL Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, hefur fengið frá menntamálaráðuneytinu undirskriftalista með nöfnum 22 starfsmanna skólans sem fylgdi áskorun þeirra til ráðherrans um að bregðast við stjórnunarvanda skólans. Í niðurlagi áskorunarinnar er ráðherra beðinn um að gæta trúnaðar við undirritaða. Frá þessu var greint á fréttavef Bæjarins bestu í gær.

Í framhaldi af þessari áskorun skipaði menntamálaráðherra nefnd sem nú gerir úttekt á stjórnunarháttum menntaskólans. - jse



HERJÓLFSBÆRINN Hér má sjá tölvugerða mynd af Herjólfsbænum eins og hann mun líta út. Hugmynd félagsins er að húsið verði öllum opið. Safnvörður í Byggðasafni Vestmannaeyja efast um gildi hússins og óttast um fornminjar sem eru órannsakaðar.

Telur bæinn ógna fornminjum

Herjólfsbæjarfélagið byggir nú landnámsbæ í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum. Formaður Byggðasafns Vestmannaeyja finnur framkvæmdinni flest til foráttu og óttast að þarna geti glatast merkar fornminjar. Árni Johnsen telur öllu óhætt, ekkert hafi fundist þegar farið var út í jarðvegsskipti undir landnámsbænum.

VESTMANNAEYJAR „Þetta er á örannsókuðu svæði. Það hefur ekki farið fram endurmat á minjum í dalnum en fornleifanefnd ríkisins er komin í það mál,“ segir Hlíf Gylfadóttir, safnvörður í Byggðasafni Vestmannaeyja. Herjólfsbæjarfélagið vinnur nú að því að reisa hús í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum. Húsið er byggt eftir hugmyndum um hvernig byggingar litu út á landnámsstíma.

Hlíf hefur ritað greinargerð þar sem hún lýsir miklum efasemdum um ágæti framkvæmdarinnar og telur að hugsanlegar mannvistarleifar í Herjólfsdal kunni að vera í hættu. Í greinargerðinni segir Hlíf að sögulegt gildi hússins sé



ÁRNI JOHNSEN Árni telur ríka ástæðu vera til að rannsaka frekar Herjólfsdalinn en bendir á að deiliskipulag hafi verið tilbúið fyrir reitinn sem húsið er byggt á.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ekki til staðar og fullyrðir að það gefi svæðinu ekki aukið menningarlegt gildi.

„Það er rík ástæða til þess að skoða Herjólfsdalinn nákvæmlega og fara vel yfir það hvort þarna kunni að vera einhverjar mannvistarleifar,“ segir Árni Johnsen, en hann er forsvarsmáður Herjólfsbæjarfélagsins. „Það var gerð úttekt á svæðinu fyrir átta eða níu árum og í kjölfarið var gefið út deiliskipulag þar sem samþykkt var að byggja á tveimur reitum. Þetta er annar þeirra,“ segir Árni.

Árni segir að þegar farið var út í jarðvegsskipti undir Herjólfsbænum hafi ekkert komið upp úr krafsinu annað en urð, grjót og mold. „Því miður fundust engar beinagrindur. Ef við

hefðum fundið einhverjar rústir undir húsinu þá hefðum við náttúrulega tilkynnt það og stöðvað framkvæmdirnar,“ bætir hann við.

Árni kveður hugmyndina að bænum ekki vera nýja af nálinni. Þarna eigi að byggja í anda þeirra rústa sem fyrir eru í dalnum sem hann segir vera einar af best geymdu rústum landsins.

„Herjólfsbæjarfélagið er áhugamannafélag samsett af einstaklingum og fyrirtækjum. Bærinn kemur þarna hvergi nálægt,“ útskýrir Árni. Hann er ekki tilbúinn til að gefa upplýsingar um kostnaðinn við bygginguna að svo stöddu. saj@frettabladid.is

Of fá börn í Sjálandsskóla í Garðabæ:

Börnin fara í Hjallaskóla

GARÐABÆR Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir að þróun Sjálandsskóla hafi gengið samkvæmt áætlun og ánægja ríki með skólann og skólastarfið. Húsnæðið sé nýtt mjög vel og í samræmi við áætlun. Það sé rangt að alltof fá börn séu í skólanum. Það sé frekar þvert á móti.

„Við sáum fyrir að fjölgunin yrði mjög hröð og að það væri hagkvæmt að byggja skólann eins og við gerðum. Aðsóknin á fyrsta ári er meiri en við reiknuðum með og við reiknum með 130 börnum á næsta ári. Það er að ganga eftir. Það væri verra ef við værum að byggja skólann núna á miðju skólaári.“

Fréttablaðið greindi frá því á föstudag, að þriðjungi færri börn væru í Sjálandsskóla en ættu að

vera. Nú eru tæplega 80 börn en skólinn getur tekið við 240 börnum. Ástæðan er sú að mun færri börn eru í hverfinu en búist hafði verið við.

Sigurður Björgvinsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Garðabæ og skólastjóri Víðistaðaskóla í Hafnarfirði, staðfestir að mun færri börn séu í Sjálandsskóla en gert hafi verið ráð fyrir. Hann segir að ástæðan sé meðal annars sú að mörg börn fari úr leikskóla Hjallastefnunnar sem er í Sjálandshverfi í grunnskóla stefnunnar á Vífilstöðum. - ghs

SIGURÐUR BJÖRGVINSSON

Sigurður Björgvinsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir að mörg börn haldi, eftir nám í leikskóla Hjallastefnunnar, í grunnskólann á Vífilstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR



Gutenberg tapar dómsmáli:

Parf að borga milljónabætur

DÓMSMÁL Prentsmiðjan Gutenberg þarf að borga bílstjóra rúmar 7,3 milljónir króna í bætur vegna ólögðrar riftunar á samningi við hann. Þetta var ákveðið með dómi Hæstaréttar á fimmtudag.

Héraðsdómur Reykjaness hafði áður dæmt manningum 1,7 milljónir króna í bætur.

Upphaflegur samningur bílstjórans var við prentsmiðjuna Grafík í desember árið 2000, uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara ef upp kæmi ágreiningur í samstarfi.

Í nóvember 2001 var samningnum sagt upp vegna þess að Grafík væri að sameinast Gutenberg. Bílstjórinn mótmælti og kvað engan ágreining hafa verið uppi sem réttlætti riftun. - óká

Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Í dag færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.

Á sunnudaginn 20. nóvember og
mánudaginn 21. nóvember afnemum
við VSK af öllum fatnaði í verslunum
Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir 20-21. nóvember.



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



HITLER KAPÚT Á skiltinu sem þessi maður heldur á stendur á rússnesku „Hitler kapút“, sem þýðir að Hitler sé fallinn. Maðurinn bar þetta skilti á útifundi í Moskvu í gær þar sem rússnesku þingkonunnar Galinu Starovoitovu var minnst, en hún var myrt árið 1998. MYND/AP

Fundur framkvæmdanefndar um nýskipan lögreglumála:

Vestfirðingar standa saman

LÖGGÆSLA „Það var einhugur um það á þessum fundi að menn vildu ekki að tvær sýslur yrðu teknar af Vestfjörðunum og skipað undir Borgarnes,“ segir Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri í Reykhólahreppi. Framkvæmdanefnd um nýskipan lögreglumála boðaði til fundarins sem haldinn var á miðvikudag og kynntu nefndarmenn þar tillögur sínar um tilfærslu lögreglustjórnar.

Samkvæmt þeim tillögum er gert ráð fyrir að tvær af fimm sýslum Vestfjarða, Austur-Barðastrandarsýsla, þar sem Reykhólahreppur er, og Strandarsýsla tilheyri lögreglustjórnunum í Borg-



REYKHÓLAR Sveitin milli umdæma. Nefndarmönnum er vandi á höndum með það undir hvern þeir eiga að setja löggæsluna á Reykhólum.

arnesi. Mætti sú tillaga mikilli andstöðu.

Einar Örn lagði hins vegar fram þá tillögu að Búardalur, Reykhólar og Patreksfjörður yrðu sett í eitt umdæmi en það féll í grýttan jarðveg að hans sögn.

Guðmundur Guðlaugsson segir á fréttavef Bæjarins besta að Vestfirðingar sem fundinn sátu hafi verið sammála um að ef fara ætti í sameiningu lögregluumdæma ætti að sameina Vestfirði í eina heild.

„Framkvæmdanefnd er vandi á höndum. Annars er mér sama undir hvern við erum settir, ég vil aðeins að löggæslan hér verði sem best,“ segir Einar Örn.

Patreksfirðingur dæmdur:

Mánuður fyrir fyrsta brotið

DÓMSMÁL 26 ára gamal Patreksfirðingur var ekki viðstaddur dómsuppkvaðningu í Héraðsdómi Vestfjarða á miðvikudag þar sem hann var dæmdur í mánaðarfangelsi fyrir fíkniefnabrot.

Þar sem um fyrsta brot mannsins var að ræða var dómurinn skilorðsbundinn í tvö ár.

Maðurinn játaði sök fyrir Héraðsdómi Vestfjarða. Hann sagðist hafa keypt fíkniefnin síðastliðið sumar og selt hluta þeirra en þó ekki allt.

Lögreglan gerði um 2,5 grömm af amfetamíni, 2 grömm af kókaini og 10 e-töflur upptækar af mannum.

Datt fyrir bíl á Akureyri:

Drukkinn átti að passa sig

DÓMSMÁL Maður fær ekki frekari bætur frá konu sem á hann ók í Strandgötu á Akureyri árið 1998.

Hæstiréttur staðfesti fyrri dóm Héraðsdóms Norðurlands eystra þar sem kröfum mannsins var hafnað, en í Hæstarétti krafðist hann tæpra 7 milljóna króna, auk málskostnaðar.

Fram kom í héraðsdómnum að árið 1998 var maðurinn 36 ára gamall háseti á frystitogara. Hann var svo drukkinn á Strandgötunni að hann átti erfitt með gang, en þar stóð hann og lamdi í bíla sem leið áttu hjá. Þegar konan ók hjá vildi ekki betur til en svo að maðurinn missti jafnvægið og datt með annan fótinn undir bílinn. Taldi Hæstiréttur, eins og héraðsdómur, að maðurinn hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og konan hefði ekki getað afstýrt slysinu.

Ófremdarástand ríkir á verndarsvæðum dýra í Simbabve:

Fílarnir að sálást úr þorsta

NÁTTÚRAN Fílar hafa drepist unnvörpum úr þorsta í þjóðgörðum Simbabve vegna þess að vatnsveitum er ekki haldið við. Engir fjármunir eru til viðgerða því landið rambar á barmi gjaldþrots.

Efnahagur Simbabve er herfilegur, verðbólga þar er rúmlega 400 prósent og gjaldeyrisforði landsins er því sem næst uppurinn. Íbúar landsins búa við afar kröpp kjör og dýrin í landinu hafa ekki heldur farið varhluta af ástandinu. Vatnsból í þjóðgörðum landsins eru nánast að þorna upp af því að vatnsleiðslur, borar og dælur hafa grotnað niður vegna viðhaldsleysis eða orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum og þjófum. Ekkert fé er til að bæta tjónið.

Breska blaðið Independent

segir að á þessu ári hafi 400 fílar dáðið úr þorsta í stærsta þjóðgarði landsins en einnig hafa antílopur, bufflar og fleiri dýrategundir drepist í stórum stíl. Það sem gerir ástandið svo ságrætilegt er að gnótt vatns er í þjóðgörðunum en búnað skortir til að dæla því og flytja það.

Þá eru einhver brögð að því að fólk skjóti sér dýr til matar og hafa þjóðgarðsverðir engin tök á að bregðast við ástandinu vegna þess að ekkert bensín er til á bíla þeirra.



ÞORSTINN SLÖKKTUR Fílarir í Kenía hafa nóg vatn að drekka en frændur þeirra í Simbabve búa við sáran þorsta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

100%

Allt að 100% lán á völdum bílum til allt að 60 mánaða

Tryggjum stöðugleika!
Vetrardekk fylgja öllum fólksbílum



ÚTSALA

VW Golf Highline 1.6 árg. 2002
ek. 65.000, 5 gíra. Ásett: 1.390.000. Tilboð: 1.095.000.

KIA Sportage 2.0 árg. 1999
ek. 78.000, 5 gíra. Ásett: 790.000. Tilboð: 590.000.

Opel Corsa 1.2 árg. 2001
ek. 97.000, 5 gíra. Ásett: 590.000. Tilboð: 390.000.

SP
SP-FJÁRMÖGNUN

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Einnig er útsala hjá söluumboðum okkar Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri

BÍLAPING HEKLU
Námer eitt í notuðum bílum

Fuglavernd í Japan:

Storkur fær gervigogg

JAPAN, AP Japanski storkurinn Taisa, sem missti framan af gognum í fyrra eftir að hann flæktist í vír, fékk í gær sérsmíðaðan gervigogg sem gæslumenn hans festu á hann.

Storkurinn hafði horast frá því goggurinn brotnaði þar sem hann átti erfiðara með að éta og leiðir skildu með honum og lífsförunaut hans, að því er Kyodo-fréttastofan hafði eftir starfsmönnum Omoriyama-dýrargarðsins í Akita.

Storkar af þessari tegund eru í útrýmingarhættu og því mikið reynt til að tryggja viðgang stofnsins sem eftir er. ■



STORKURINN TAISA. Plastgoggurinn var festur á með tannlími. MYND/AP/KYODO



SENDIR HEIM Gríðarlegur kostnaður fylgir því að senda ólöglega innflytjendur til síns heima á ný og er það að hluta til ástæða þess að margir þeir sem inn í landið komast á annað borð eru að mestu látirnir í friði. NORDICPHOTOS/AFP

Spænsk stjórnvöld og ólöglegir innflytjendur:

Hafa enga stjórn á ástandinu

SPÁNN Yfirvöldum á Spáni hefur mistekist að stöðva þann stríða straum ólöglegra innflytjenda frá Afríku og Suður-Ameríku sem kemur til landsins. Tölfræðin sýnir að komist innflytjendur inn á annað borð er nánast ómögulegt að hafa uppi á þeim aftur.

Nýjar rannsóknir sýna að yfir 120 þúsund ólöglegir innflytjendur sem yfirvöld vita af og hafa þegar vísað úr landi eru enn í landinu og sýna ekkert fararsnið á sér. Er

þar eingöngu um þá að ræða sem lögregla veit um en gera má fastlega ráð fyrir að annar eins fjöldi hið minnsta búi og starfi í landinu ólöglega án vitneskju yfirvalda.

Er því að miklu að keppa fyrir þær þúsundir sem reyna ár hvert að komast til landsins. Næg atvinna er fyrir ólöglega innflytjendur enda flestir reiðubúinir að þiggja lág laun fyrir vinnu sína og margir minni atvinnurekendur nýta sér það óspart. - aðe



KAUPSAMNINGUR UNDIRRITADUR Markús Jóhannsson, umboðsmaður Roland á Íslandi, og G. Ómar Pétursson, framkvæmdastjóri Ásprents Stíls. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Ásprent Stíll á Akureyri kaupir nýja prentvél:

Sótt á nýja markaði

AKUREYRI Ásprent Stíll ehf. á Akureyri hefur gengið frá kaupum á nýrri prentvél sem er mun fullkomnari og hraðvirkari en eldri vélar prentsmiðjunnar. G. Ómar Pétursson, framkvæmdastjóri Ásprents Stíls, segir að nýja vélin stóruki samkeppnishæfni prentsmiðjunnar á landsvísi en kostnaður við kaup og uppsetningu vélarinnar er áætlaður um 80 milljónir króna.

„Með tilkomu vélarinnar getur prentsmiðjan tekið að sér stærri verkefni en áður og jafnframt opnast okkur nýir markaðir á sviði

umbúða- og tímaritaprentunar þar sem krafist er hámarksgæða og mikils afgreiðsluhraða,“ segir Ómar.

Nýja prentvélin, sem er af gerðinni Roland 305L, getur prentað fimm liti og lakk í einni prentumferð, en hún leysir af hólmi tvær eldri vélar prentsmiðjunnar.

Áformað er að taka vélina í notkun um miðjan janúar en fyrst þarf að ráðast í breytingar á húsnæði prentsmiðjunnar þar sem vélin er það mikil að umfangi að hún kemst ekki inn í prentsal fyrirtækisins. - kk



Hvers vegna var Höddi ekki settur í markið?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Ef gleraugun þín brotna í hita leiksins er gott að vera vel tryggður. Innbúskaskó TM bætir tjón á hlutum sem ekki fást bættir með Fjölskyldutryggingu. Vertu við öllu búinn og bættu Innbúskaskóinu við Fjölskyldutryggingu TM. Það tekur enga stund að ganga frá því.

Dæmi um hvað Innbúskaskó TM bætir:

- // Tjón á verðmætum sem teljast hluti af almennu innbúi fólks, s.s. fartölvu, myndavél, gleraugum og öðrum dýrum munum, færðu bætt. Hámarksupphæð tjóns er 250.000 kr.
- // Tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atburða er bætt, s.s. ef hlutur á heimilinu fellur í gólf eða það hellist yfir hann.

Dæmi um hvað Innbúskaskó TM bætir ekki:

- // Ef þú týnir, gleymir eða skilur verðmæti eftir á almannafæri færðu þau ekki bætt.
- // Ef tjónið er af völdum eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds eða framleiðslugalla fæst það ekki bætt.
- // Tjón sem verður af völdum þjófnaðar úr olæstum hibylum, bílum, tjöldum eða fellihýsum fæst ekki bætt.

Innbúskaskó TM

TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á www.tryggingamidstodin.is og fáðu skýr svör.



MEÐ STÆKKUNARGLER Í KALKÚTTA
Þessi kristna nunna á Indlandi brá stækkunargleri fyrir auga sér þegar hún hlýddi á messu í Kalkúttu í gær. Innan við tvö prósent Indverja eru kristinnar trúar.

MYND/AP

Sigurður Einarsson stjórnarformaður KB banka skipaður formaður nýrrar nefndar:

Ísland verði alþjóða fjármálamiðstöð

VIÐSKIPTI Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, hefur verið skipaður formaður nefndar sem á að skoða hvernig Ísland geti orðið alþjóðleg fjármálamiðstöð. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra tilkynnti þetta í gær. Ekki er búið að skipa aðra nefndarmenn en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður það væntanlega gert í næstu viku.

Forsætisráðherra hefur í nokkurn tíma talað um þennan möguleika, meðal annars á viðskiptabingi Verslunarráðs Íslands, sem þá hét, í febrúar síðastliðnum. „Ég á mér þann



draum að í framtíðinni verði Ísland þekkt um víða veröld sem alþjóðleg fjármálamiðstöð,“ sagði Halldór í ræðu sinni.

Sagði hann það tækifæri vera vegna þess að á Íslandi störfuðu kraftmikil alþjóðleg fyrirtæki, sem hefðu kosið að eiga hér höfuðstöðvar vegna ákjósanlegra skilyrða af hálfu stjórnvalda. Einnig vegna mannaúts sem hér er og mikils og góðs stöðugleika. ■

FORSÆTISRÁÐHERRA
Halldór talaði um alþjóðlega fjármálamiðstöð á Íslandi á síðasta flokkspingi Framsóknarflokksins.



JÓN KRISTJÁNSSON Heilbrigðisráðherra hefur skipað framkvæmdanefnd um hátækni sjúkrahús.

Framkvæmdanefnd skipuð:

Nefnd um byggingu sjúkrahúss

HÁTÆKNISJÚKRAHÚS Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur skipað framkvæmdanefnd um byggingu hátækni sjúkrahúss. Alfred Þorsteinsson framsóknarmaður mun veita nefndinni formennsku. Aðrir nefndarmenn eru Inga Jóna Þórðardóttir, Árni Gunnarsson, Magnús Pétursson, Kristín Ingólfssdóttir, Ragnheiður Haraldsdóttir og Björn Ingi Sveinsson.

Nefndin er skipuð í kjölfar þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að veita átján milljórum af söluandvirði Landsímans til byggingar sjúkrahúss af þessu tagi.

- saj

Segja fiskimiðin vera dauð

Vestfirskir sjómenn segja að varla nokkurt æti sé á miðunum fyrir fisk og fugl. Hvalur og þorskur eru vannærðir. Sumir telja þetta stafa af hækkun hitastigs sjávar. Aðrir kenna um loðnuveiðum í flöttroll.

SJÁVARÚTVEGUR „Það vita það allir sem eru til sjós að það er varla nokkurt æti til fyrir fiskinn lengur, maður sér það best á því að allur sjófugl er alveg horfinn og svo er fiskurinn svo horaður að hann er ekkert nema hausinn,“ segir Niels Ársælsson, útgerðarmaður frá Tálknafirði. Hann er einn þeirra fjölmörgu Vestfirðinga sem hafa miklar áhyggjur af þessari þróun. Þeir benda á að varp sjófugla hafi að miklu leyti misfarist í sumar vegna fæðuskorts.

„Það er greinilegt að það er mikill fæðuskortur því hrefnan sem við veidum í sumar var horuð og vannærð og enginn sjófugl sjáanlegur nokkurs staðar. Miðin eru alveg líflaus,“ segir Guðmundur Konráðsson, sjómaður frá Ísafirði.

Haf rannsóknarstofnun rannsakar nú spiklag og mataræði hrefnanna sem veiddar hafa verið tvö síðustu sumur en ekkert hefur enn komið úr þeim rannsóknum og er niðurstöðu ekki að vænta fyrr en í vor.



NIELS ÁRSÆLSSON.



AF MIÐUNUM Vestfirskir sjómenn segja æti svo lítið á miðunum að fuglinn láti ekki sjá sig þar og fiskurinn sé horaður og hvalurinn líka.

Ársæll segir skýringuna vera loðnuveiði manna undanfarin ár með flöttrollum en ekki hringnót eins og áður tíðkaðist. „Með þessum flöttrollum tvístra þeir göngunum og svo byrja þeir austast og þar með taka þeir sterkustu loðnu og stráfella hana.“ Niels segir að þar sem þorskurinn hafi varla nokkra loðnu lengur á matseðlinum hafi hann gengið á sandsílin

sem nú séu að hverfa við landið og svo éti þorskurinn undan sér, það er að segja afkvæmi sín, og það hafi bitnað á nýliðuninni.

Hann segir ennfremur að þessi loðnuveiði hafi orðið til þess að skelfiskveiði hafi lagst af í Breiðafirði og að innfjarðar- sem og úthafsrækja sé nú nær með öllu horfin.

Aðrir sjómenn og útgerðar-

menn sem Fréttablaðið hafði samband við segja fæðuskortinn stafa af hlýnun sjávar. Nefna þeir í því sambandi að ýsunnir hefur stórfjölgað en hún sækir frekar í hlýrri sjó en þorskurinn. Einnig nefndu menn að skötuselurinn og annar fiskur sem venjulega fannst aðeins sunnan við land er nú orðinn mun algengari fyrir norðan.

jse@fettabladid.is

Ný rannsókn á tengslum hreyfingarmunsturs og hættunnar á því að fá hjartaáfall: Ávinningur hreyfingar tapast

HEILBRIGÐISMÁL Ný rannsókn leiðir í ljós að þeir sem stunda reglubundna hreyfingu á yngri árum njóta ekki hreyfingarinnar, með tilliti til hættu á hjartaáföllum síðar, hætti þeir að hreyfa sig. Til að minnka líkur á hjartaáfalli þarf að halda áfram að hreyfa sig. Þeir sem hafa verið kyrrsetumenn ungir, geta hins vegar minnkað líkurnar á hjartaáfalli með því að byrja að hreyfa sig reglulega.

Rannsóknina gerði Hildur Thors, heilsugæslulæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, í meistaranámi í lýðheilsufræðum við Karolinska Institutet í Svíþjóð. Hún skoðaði hvernig munstur hreyfinga hjá ákveðnum hópi breyttist yfir ævina.

Í frétt Heilbrigðisstofnunar Suðurlands kemur fram að rannsóknin hafi staðfest mikilvægi þess að hreyfa sig reglulega alla ævina. „Hún sýnir einnig að það er vandamál hvað margir hætta að hreyfa sig með hækkandi aldri og það hefur áhrif á tíðni hjartaáfalla hjá þjóðinni. Við þurfum því að rannsaka nánar hvað veldur og hvernig hægt er að koma í veg fyrir þessa breytingu.“

Hópurinn sem Hildur skoðaði samanstóð af 3.696 einstaklingum, bæði konum og körlum, á aldrinum 45 til 70 ára. Allir gáfu upplýsingar um hve mikið þeir höfðu hreyft sig á mismunandi aldri. Hluti af hópunum hafði feng-



HILDUR THORS Hildur er læknir við Heilbrigðisstofnun Suðurlands og gerði nýverið rannsókn á sambandi hreyfingar og hjartaáfalla.

MYND/GUÐFINNA ÓLAFSDÓTTIR, HSU

id hjartaáfall og var borinn saman við hina.

Með hækkandi aldri minnkaði hlutfall þeirra sem hreyfa sig reglulega, sérstaklega meðal karla. Á aldrinum 15 til 24 ára hreyfðu tæplega 60 prósent sig

reglulega, jafnt þeir sem fengu hjartaáfall síðar og hinir. „Með hækkandi aldri lækkaði hlutfall þeirra sem hreyfðu sig reglulega jafnt og þétt en marktækt meira hjá þeim hópi sem fékk hjartaáfall síðar á ævinni.“

- óká

DV

Stefán geimverkfræðingur svæfir stúlkur og nauðgar þeim

Svefn-
nauðgari
gengur
laus



Þeirir þegar aðrir þegja!

FERÐATÖLVUR



VL18
Samtals Nr. 186.223
9.994

ACER 1694


Örgjörvi 2.0GHz Pentium M Dothan760
Intel 915PM Express 533FSB-2MB
Minni 1GB Dual DDR2 533MHz
Einfalt að stækka minnið í 2GB
Harðdiskur 100GB Ultra ATA harðdiskur
Hraðvirkur 5400RPM diskur
Skrifari 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 15.4" WXGA WideScreen skjár
Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort 256MB ATI Radeon X700
Stjálst.minni, PCI-Express 16x, TV-út
Hátalarar Hjúðkerfi með 2 hátölurum
Hjúðkerfi, hátalarar og hljóðnemi
Netkort Gigabit 10/100/1000
Einnig 56k mótald og Bluetooth
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggð 802.11g með loftneti í skjá
Stýrikerfi Windows XP Home - SP2
A íslensku eða ensku
Annað 4 in 1 minnis-kortalesari
Innbyggður lesari fyrir flest kort

ACER 1694WLMi 2.0GHz FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU

INTEL DOTHAN 2MB
Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel
með 533MHz FSB, Enhanced
SpeedStep tækni og 2MB flytminni



15.4" CRYSTALBRITE
15.4" Widescreen skjár með
nýrri CrystalBrite tækni sem
skilar ótrúlegri djúpt og skerpu



8xDVD± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer
Slot Load geislaskrifari sem les
og skrifar DVD og venjulega CD



256MB ATI X700
Eitt öflugasta skjá kortið í dag!
Gengur á PCI-Express sem skilar
meiri afkastagetu og flottari grafik



TENGINGAR
Öll helstu tengi, Bluetooth,
FireWire, 3xUSB2, Infrared, VGA,
TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.



ÞYNGD OG RAFHLAÐA
Acer Aspire fartölvan er aðeins
2.95Kg og með hágæða rafhlöðu
sem endist í allt að 3.5 tímar



VERÐ 179.900

ACER 9502WMSM!



acer

1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 örgjörvi með 2MB cache
512MB DDR2 minni • 80GB harðdiskur • Slot 8xDVD±RW Dual
Layer skrifari • 17" CrystalBrite WXGA skjár • 128MB ATI X700
skjá kort • Minniskortalesari • 2.1 hljóðkerfi • Gigabit netkort
BlueTooth • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 149.900

ACER 1692WLMi!



acer

1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 örgjörvi með 2MB cache
1GB DDR2 minni • 100GB harðdiskur • Slot 8xDVD±RW Dual
Layer skrifari • 15.4" CrystalBrite WXGA skjár • 128MB ATI
X700 PCI Express skjá kort • Minniskortalesari • Gigabit netkort
Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 134.900

HP NC6120 - B



1.86GHz Intel Pentium M Dothan750
512MB DDR minni • 60GB harðdiskur
8xDVD skrifari • 15" XGA skjár • 128MB
Intel GMA900 skjá kort • Þráðlaust net
Windows XP PRO á íslensku eða ensku

VERÐ 129.900

MSI M645



1.73GHz Pentium M Dothan740
1GB DDR minni • 80GB harðdiskur
8xDVD skrifari • 15.4" WXGA ColorBrite
skjár • 128MB Geforce Go6600 skjá kort
Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 149.900

DELL D510 - 3



1.73GHz Pentium M Dothan740
512MB DDR2 minni • 60GB harðdiskur
8xDVD skrifari • 15" WXGA skjár
128MB Intel GMA900 skjá kort
Windows XP PRO á íslensku eða ensku

VERÐ 164.900

IBM TP R52 - 02



1.73GHz Intel Pentium M Dothan740
512MB DDR2 minni • 60GB harðdiskur
Combodrif • 15" XGA skjár • 64MB
ATI X300 skjá kort • Þráðlaust net
Windows XP PRO á íslensku eða ensku

VERÐ 139.900



Sennheiser PMX 60
lítill og nett heyrmatól

VERÐ 3.990



Vönduð Logitech LX5
þráðlaus gæða mús

VERÐ 3.990



Öflug vírusvörn og eld-
veggur frá Trend Micro

VERÐ 4.990



15" Samsonite City
Lites New Jack bakpoki

VERÐ 5.990



Vönduð Kensington Simply
Portable One fartölutaska

VERÐ 5.990



Acer EasyPort USB, port
replicator fyrir ferðavélur

VERÐ 14.900



Kworld PCMCIA Digital
sjónvarpskort í fartölvur

VERÐ 16.900



Acer AL1916s 19" LCD
glæsilegur þunnur skjár

VERÐ 32.900



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við
mánaðalegar jafnar greiðslur
á Visa eða Mastercard skuldabréf
með 3,5% stimpil og lántökugjaldi
sem bættist við heildarupphæðina og
dreifist jafnt yfir samningstímann



TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR



REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730




AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400



KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

SVONA ERUM VIÐ

> Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi (í þúsundum króna)



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HALLIBURTON

Pólítísk tengsl ná langt aftur

Bandaríska dómsmálaráðuneytið íhugar að hefja rannsókn á hvort ásaknir um að fyrirtækið Halliburton hafi fengið samninga um uppbyggingu olíuöndnaðar í Írak með vafasömum hætti, eigi við rök að styðjast.

Hvað er Halliburton? Halliburton Energy Services er 86 ára alþjóðleg fyrirtæki sem hefur aðsetur í Houston í Texasfylki. Það hefur um 95 þúsund starfsmenn innan sinna vébanda og í fyrra voru tekjur þess rúmlega 20 milljarðar dala. Halliburton skiptist í tvo meginhluta. Orkuþjónusta sem sér olíu- og gasiöndun fyrir tækni og þjónustu. Hinn armurinn kallast Kellogg, Brown and Root og er verktakafyrirtæki sem sér um að reisa olíuhreinsunarstöðvar, olíulagnir og efna-verksmiðjur.

Hver er saga þess? Árið 1919 stofnuðu bræðurnir George og Herman Brown fyrirtækið Brown and Root í Texas árið 1919. Stofnféð

fengu þeir frá mági sínum, Dan Root. Fyrstu árin smíðaði fyrirtækið herskip fyrir bandaríska flotann. Þeir færðu smám saman út kvíarnar og árið 1947 byggðu þeir fyrsta olíuborð pall heims út á rúmsjó.

Þegar Herman Brown lést árið 1962 eignaðist Halliburton Brown og Root. Fyrirtækið sá bandaríska hernum fyrir þorra hertagna í Víetnamstríðinu og andstæðingar stríðsins uppfundu það Burn and Root.



Hver eru pólítísk tengsl þess? George og Herman Brown áttu í miklum samskiptum við Lyndon B. Johnson Bandaríkjaforseta á sínum tíma og gerðu heilmarga samninga við ríkið fyrir hans tilstilli og studdu hann ótulllega fyrir vikið.

Árin 1995 til 2000 var Dick Cheney, núverandi varaforseti Bandaríkjanna, forstjóri Halliburton. Andstæðingar hans saka hann um að hafa stuðlað að innrásinni í Írak árið 2003 og hagnast verulega sjálfur á samningum sem gerðir voru við Kellogg, Brown and Root.

SPURT & SVAR

PRÓFKJÖR Í REYKJAVÍK

Framboðið ákveðið á föstudaginn

Þjörn Ingi Hrafnsson lýsti yfir framboði sínu til fyrsta sætis í prófkjöri Framsóknarflokksins á laugardaginn.



ÞJÖRN INGI HRAFNSSON

Hvenær ákvaðstu að fara í framboð?

Ég ákvað það endanlega á föstudaginn. Þetta hefur legið í loftinu og ég hef verið að hugsa minn gang en nafn mitt hefur komið fram í þessari umræðu nokkrum sinnum. Skoðanakannanir hafa sýnt að við eigum á brattann að sækja en framsóknarmenn eru bæði bjartsýnir og raunsærir og hafa líka sýnt að þeir geta komið á óvart.

Var það mikilvægt að Alfred skyldi hætta? Já, það var mikilvægt. Hann hefur verið leiðtogi okkar og ég hef áður lýst því yfir að ég studdi hann. Eftir að það var ljóst að hann hygðist ekki sækja eftir endurkjöri ákvað ég að eyða allri óvissu og uppfylla óskir fjölda stuðningsmanna.

Áttir þú einhvern þátt í brotthvarfi Alfreds? Nei, Alfred hefur lýst því yfir að hann hafi sjálf tekið þessa ákvörðun. Hann er fullfær um að taka slíkar ákvarðanir sjálfur.

Kjarnorkan aftur í sókn

Síðustu áratugi hefur kjarnorkan átt sér formælendur fáa, að minnsta kosti í þróðustu iðnríkjunum. Ört vaxandi orkuþörf, ekki síst vegna efnahagsþróunar í Kína, hátt olíuverð og mikil losun koltvísýrings út í andrúmsloftið yfir undir endurskoðun þessa viðhorfs.

Rödd þeirra sem halda hinni „hreinu“ orku frá kjarnorkuverum á lofti sem lausninni á orkuvanda heimsins hefur mjög sótt í sig veðrið upp á síðkastið. Að sögn formælenda kjarnorkunnar er aukin nýting hennar, með nútímataekni sem gerir hana mun öruggari en áður, eina færa leiðin til að svara orkuþörf næstu áratuga. Hættan á kjarnorkuslysum er að þeirra mati hverfandi lítil í nýjstu gerðum kjarnaofna. Mengunin frá slíkum orkuverum sé sama og engin, að því undanskildu hvað endanlega verður um kjarnorkuúrganginn, leifar af notuðu eldsneyti orkuveranna. Kjarnorkuver framleiða engar gróðurhúsalofttegundir og með bættri tækni og eftirliti er sögð sáralítil hættan á geislaumun frá þeim.

Í þróðustu ríkjunum, þar sem kjarnorka er nýtt til raforkufram-



TRÉYSTA Á KJARNORKUNA Kjarnorkuverið í Dampierre-en-Burly í Frakklandi. Kjarnorka sér Frökkum fyrir um 80% raforkuþarfar þeirra. Nýjstu gerðir kjarnorkuvera þarfnast ekki svo stórra kæliturna sem sumir segja bjóða hryðjuverkaárásum heim. NORDICPHOTOS/AFP

leiðslu er unnið af metnaði að aukinni nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa (sóljarljóss, vinds, vatns- og sjávarfalla), en því fer fjærri að það dugi til að svara orkuþörfinni, hvorki í lengd né bráð. Þetta gildir einnig fyrir Svíþjóð og Þýskaland, þar sem stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að loka kjarnorkuverunum þegar þau hafa þjónað sínu hlutverki.

Þörf sögð á 800 nýjum kjarnaofnum Í fréttatímaritinu Time er haft eftir Jean-Jacques Gautrot, yfirmanni alþjóðadeildar franska kjarnorkufyrirtækisins Areva, að þörf sé á að byggja 800 nýja kjarnaofna í heiminum á næstu 25-35 árum til að unnt verði að taka úr umferð úrelta kjarnaofna og anna orkuþörfinni. Eins og er mun heildarfjöldi þeirra kjarnaofna sem í notkun eru til almennrar raforkuframleiðslu vera um 440 í heiminum öllum. Gautrot segir reyndar að til þess að unnt verði að framleiða 30 prósent af allri raforku í heiminum með kjarnorku þyrfti á bilinu 1.200 og 1.500 kjarnaofna.

Formælendur kjarnorkunýtingar minna einnig gjarnan á hættur sem fylgja hefðbundinni raforkuframleiðslu, sem ennfær að miklu leyti fram í kolaorku-

verum. Bara á síðasta ári týndu um 6.000 kílóverskir kolanámuverkamenn lífi við að grafa upp eldsneytið fyrir raforkuframleiðslu Kína. Loftmengunin af kolabrennslunni er geigvænleg.

Óttinn við kjarnorkuslysum hefur valdið því að ekkert nýtt kjarnorkuver hefur verið byggt í Evrópu síðustu fjórtán ár. En í Finnlandi er nú verið að byggja fimmta kjarnaofninn þar í landi. Norska blaðið Aftenposten hefur eftir Mikko Elo, þingmanni jafnaðarmanna, að Finnun væri algerlega ókleift að standa við skuldbindingar sínar vegna Kyoto-loftslagssáttmálans nema með því að treysta á aukna nýtingu kjarnorkunnar.

Í ellefu löndum, sem flest eru í Asíu, er nú unnið að smíði alls um 30 kjarnorkuvera. Að sögn Aftenposten má búast við því að ýmis lönd, ekki síst í Evrópu, fylgi í kjölfarið þar sem þeir u.þ.b. 150 kjarnaofnar sem í notkun eru í álfunni nálgast úreltingaraldur. Reyndar er hægt að framlengja líftíma kjarnorkuvera með því að fjárfesta í uppfærslu þeirra. Frönsk stjórnvöld hafa eyrna-merkt andvirði 1.500 milljarða króna til tæknilegrar uppfærslu kjarnorkuveranna í landinu á næstu 30 árum og til framhaldsrannsóknna á kjarnasamruna, sem

vonir eru bundnar við að verði orkugjafi framtíðarinnar. Um 80 prósent raforkuframleiðslu í Frakklandi fer nú fram í kjarnorkuverum.

Hvatt til aukins alþjóðasamstarfs

Brezki forsætisráðherrann Tony Blair hefur hvatt til opinna umræðu um kjarnorkumál og orðrómur er um að hann telji æskilegt að byggðir verði tugir nýrra kjarnaofna í landinu. Á alþjóðlegri sérfræðiráðstefnu um kjarnorkumál í Bretlandi í fyrri viku var kynnt skýrsla sem unnin var á vegum Orkurannsóknarmiðstöðvar Bretlands (UK Energy Research Centre).

Í henni er komið að þeirri niðurstöðu að nær óhjákvæmilegt sé að byggð verði ný kjarnorkuver í Bretlandi ef landinu á að takast að standa við Kyoto-skuldbindingar sínar. Kallað er eftir auknu alþjóðasamstarfi um staðla og hönnun kjarnorkuvera, sem myndi auðvelda hagnýtingu þeirrar reynslu sem safnað hefur í heiminum af rekstri slíkra orkuvera.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
auidunn@frettabladid.is

Ársfundur



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

23. nóvember, klukkan 14-17, Hótel Nordica

Skráning

5991400

sigridur@frae.is

Ávarp
Gyflí Arnbjörnsson, formaður stjórnar
Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Símspíl menntastofnana og samfélags
Árni Sigurbjarnarson, skipstjóri og
stjórnarformaður Norðursiglingar

Slakir lesarar
Elisabet Arnardóttir, talmælnafræðingur

Námsráðgjöf fyrir starfandi fólk
Guðbjörg Vilhjálmssdóttir, lektor í námsráðgjöf
við Félagsvísindadeild HÍ

Kynning á FA og GÁTT 2005
Engilbjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA

Kaffihúsið

Brjótum lítt
samtal í fjárfundaböndu á ensku við Knud Illeris,
professor, LEARNING LAB, Kennaraháskóla Danmerkur

Learning Styles and Study Success
Ingemar Svantesson, menntaráðgjafi og rithöfundur

Fundarstjóri
Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri
Santfaka verslunar og þjónustu

Nýir eftirársbílar

- from Russia with love

Seljum þessa finu bíla frá Mercedes Benz sem framleiddir voru 2002 / 2003 en eru nýir, ónotaðir og óskráðir 1. skráningardagur - þegar þú færð hann

Um er að ræða Mercedes Benz C-Class, C 200 K, C 240 og C 320 með Elegance eða Avantgarde-pökkum
Ekki amalegt

Flestir bílarnir eru mjög vel útbúnir: Leðurinnrétting, rafstýrð framsæti með minnis-pakka, glertopplúga, sjónvarp, Xenon-ljós, ESP stöðugleikakerfi og svo mætti lengi telja
Ekki ónýtt

Allir bílarnir hafa farið í gegnum nálarauga Ræsis-manna sem hafa gengið úr skugga um að bílarnir séu í 100% standi
Ekki slæmt

3 ára viðtæk ábyrgð frá Verði / Íslandstryggingu fylgir öllum bílunum

Síðast en ekki síst:
Alveg hrikalega gott verð og frábær kjör



Mercedes-Benz



MASTER

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Jákvæð könnun fyrir Sjálfstæðisflokkinn og vinstri græna:

Samfylking og Framsókn í vanda

Þeir sem héldu að brotthvarf Davíðs Oddssonar úr stjórn máli myndi veikja Sjálfstæðisflokkinn og skapa Samfylkingunni sóknarfæri höfðu rangt fyrir sér. Enn sem komið er að minnsta kosti. Hin nýja forysta sjálfstæðismanna, með mildari svip en áður, hefur orðið til þess að styrkja flokkinn og skapa aukna tiltrú á honum. Að sama skapi höfðu þeir rangt fyrir sér sem héldu að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir myndi eftir formannskjörið rífa upp fylgi Samfylkingarinnar og skáka Sjálfstæðisflokknum eins og jafnaðarmannaflokkum Norðurlanda hefur tekist gagnvart borgaraflokkunum. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar sem Fréttablaðið lét gera og birt var í gær.

„Samfylkingin hefur dalað í kjölfar formannsskipta en Sjálfstæðisflokkurinn tók stökk upp á við þegar Davíð hætti sem formaður.“

Könnunin sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn er í sókn og hefur bætt við sig nokkru fylgi frá síðustu könnun blaðsins í maí og umtalsverðu fylgi ef miðað er við úrslit þingskosninganna vorið 2003. Samfylkingin hefur aftur á móti tapað fylgi, hvort sem miðað er við kosningarnar eða síðustu könnun. Önnur athyglisverð niðurstaða könnunarinnar er sterk staða og mikil fylgisaukning vinstri grænna. Þá virðist sem Framsóknarflokkurinn ætli ekki að ná sér á strik. Hann virðist orðinn fastur í því fari að vera næst minnsti flokkur landsins. Hann gæti orðið sá minnsti ef frjálslyndir þurrkast út, en það er ekki hægt að útiloka.

Þó að könnunin sýni að ríkisstjórnin njóti ekki lengur meirihlutastuðnings yrði samkvæmt henni ekki grundvöllur fyrir ríkisstjórn sem stjórnarandstöðuflokkarnir stæðu einir að. Til þess er meirihluti þeirra of tæpur. Í uppsiglingu kynni að vera snúin staða við myndun meirihlutastjórnar.

Í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur á kjörtímabilinu lent í afar erfiðum málum verður niðurstaða könnunarinnar að teljast slök fyrir stjórnarandstöðuna í heild. Vinstri grænir eru hinir einu í þeim hópi sem geta hrósað sigri. Sennilega er á því sú einfalda skýring að kjósendum finnst stefna þeirra skýr, málflutningurinn trúverðugur og foringjarnir sannfærandi.

„Samfylkingin hefur dalað í kjölfar formannsskipta en Sjálfstæðisflokkurinn tók stökk upp á við þegar Davíð hætti sem formaður,“ segir Össur Skarphéðinsson í grein á vefsíðu sinni í gær. Hann virðist trú á því að þetta sé tímabundið ástand og flokkurinn og formaðurinn muni finna fjölinna sína. Ekki skal það útilokað en vissulega hljóta tölurnar að vera alvarleg áminning um að Samfylkingin og Ingibjörg Sólrún séu ekki á réttum slóðum í stjórn málabaráttunni. En það virðist ekki auðvelt að laga þá stöðu. Á sama tíma og formaður Samfylkingarinnar boðar frekari sókn inn á miðjuna virðist fylgið leita til vinstri grænna. Til að snúa því við þarf flokkurinn að koma fram með auknar vinstri áherslur. En hættan er þá sú að það verði til þess að tefla miðjufylginu í tvísýnu. Nú þegar ber á nokkurri óánægju gamalla alþýðuflokksmanna með vinstri svip á málflutningi formanns Samfylkingarinnar á ýmsum sviðum. Það getur verið vandlifað í stjórn máluunum.

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir**
VEF.TV



HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á visir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rétti maðurinn?

Mörður Árnason alþingismaður skrifar í gær á vefsíðu sína langan pistil um verðleika Alfreðs Þorsteinssonar borgarfulltrúa í tilefni af væntanlegum vistaskiptum hans. Mörður segir: „Að loknum löngum pólitískum ferli tekur hann við mikilvægu verkefni fyrir borgarbúa og landsmenn: Að koma Landspítalanum fyrir í nýju húsnæði - og þar þarf einmitt krafta manns af tagi Alfreðs.“ Vefþjóðviljinn tekur annan pól í hæðina og rífar upp að höfuðstöðvar Orkuveitunnar, sem Alfreð lét byggja, hafi orðið tvöfalt dýrari en lagt var upp með. Þá hafi Alfreð sóað milljörðum króna af skattfé Reykvíkinga í Línu.net og fleiri fjarskiptafyrirtæki.

Enn reiðir

Framsóknarmenn eru enn reiðir Ingibjörgu Sólrúnu fyrir ummæli hennar á

dögnum um sókn Samfylkingarinnar inn á miðjuna. Gunnar Bragi Sveinsson skrifar í Tímann og gerir „hringlandahátt“ hennar að umtalsefni. „Samfylkingin er ekki stjórn mála flokkur heldur samtök týndra vinstri manna sem hafa hafnað kommúnískri hugmyndafræði VG. Þessir vinstri menn hafa svo margar skoðanir á hverju máli að enn hefur Samfylkingunni ekki tekist að móta heildstæða stefnu fyrir samtökin. Þess vegna veltur flokkurinn og formaðurinn eins og korktappi frá hægri til vinstri, út og suður“, segir hann.

Dæmt til að mistakast?

Og skýringin á miðsókninni er þessi að



mati Gunnars Braga: „Samfylkingunni sviður það að í rúmlega 30 ár, á mesta uppgangstíma íslensks samfélags, hefur miðjuflokkurinn, Framsóknarflokkur, setið í ríkisstjórn nær allan þann tíma. Þess vegna heldur foringi Samfylkingarinnar að lausnin sé að apa eftir Framsóknarflokknum og gerast miðjuflokkur. Því miður er það dæmt til að mistakast. Til þess að vera miðjuflokkur þarf skýra stefnu. Framsóknarflokkurinn hefur ætíð sett fjölskylduna og atvinnulíf á oddinn með skýrum hætti og þess nýtur íslenskt samfélag í dag. Veikburða tilraun Ingibjargar Sólrúnar til að spila á miðjunni gengur ekki, þar sem liðsmenn hennar leika hver fyrir sig en ekki heildina.“
gm@frettabladid.is

Vannýtt auðlind

Þorsteinn Guðmundsson var beittur og skemmtilegur að vanda og Sýlvía Nótt ullaði svo mikið að engu var líkara en að þetta væri dagur íslenskrar tungu; og almennt var yfir flestum þátttakendum á Edduhátíðinni þessi sérstaki ljómi sem fylgir þeim sem við þessa tegund listsköpunar fást.

Síst má lasta að þrúðubúið fólk gleði hvert annað - og okkur - með fagurlega formuðum hárgreiðslum sínum, kjólum, glingri, orðheppi og annarri þrýði eins og gert var á Edduverðlaunahátíðinni - það hefur áreiðanlega mikla þjóðhagslega samfélagsþýðingu í skammdeginu - og ekki skal það heldur dregið í efa að þvogl og ull Sýlvíu Nóttar hefur að geyma djúphugsaða og hárbetta háðsádeilu á þá sjálfhverfu útlits- og formdýrkun sem einkennir fjölmiðla á tímum hraða og firringar - en vantaði samt ekki eitthvað?

Þegar maður sat heima í stofu og gjóaði auga á þessa árhátíð þeirra sem fást við lifandi myndir á Íslandi þá skynjaði maður óvenju sterkt að eitthvað er að. Öll ráðherratraffikin á sviðinu var einhvern veginn óvenju óvæðigandi. Það var næstum því sárt að sjá alla þessa hæfileikaríku listamenn leyfa öllum þessum ráðherrum að baða sig í ljómanum frá sér og standa síðan fagnandi á fætur þegar menntamálaráðherra tilkynnti um framlög frá ríkisstjórninni íslenskrar kvikmyndagerð til handa: Litlu verður Vöggur feginn, hugsaði maður.

Því að það sem var svo átakanlega fjarverandi á þessari uppskeruhátíð var sjálf uppskeran.

Í DAG EDDUVERÐLAUN

GUÐMUNDUR ANDRI
THORSSON

Það sem var svo átakanlega fjarverandi á þessari uppskeruhátíð var sjálf uppskeran.

Dagur Kári gerir danska mynd á þessu ári, Baltasar gerir amerískna mynd og Friðrik Þór framleiðir kanadíska mynd - eftir að hafa gert sjálfur skoska mynd. Gott og vel. Útrás gæti maður sagt ef svo háttáði að þjóðin ætti þess kost að sjá sjálfa sig í speglum lifandi mynda. Því miður er nánast ekkert sjónvarpsfni framleitt hér nema endalaust fréttæfni og spaug sem samið er upp úr þessu meinta fréttæfni. Leikarar og kvikmyndagerðarfólk er vannýttasta auðlindin sem við eigum.

Það hefur verið mjög til síðs í fjölmiðladálkum að hreyta ónotum í þá tilburði til sápuóperu sem RÚV sýnir á sunnudagskvöldum - Kallakaffi. Og vissulega er þar ýmislegt af vanefnum gert, dóshláturinn virkar á mann eins og útlenskt fólk að villast eitthvað - ef það skildi brandarana myndi það ekki hlæja svona mikið - og iðulega er óljóst hverjum brandararnir eru ætlaðir en þetta er engu að síður íslenskt fólk í íslensku veruleika að tala íslensku

og kljást við íslensk vandamál og úrlausnarefni. Kallakaffi er með öðrum orðum ekki einskær talsetning á útlenskum þáttum eins og raunin er með flesta aðra þætti í íslenskum sjónvarpsstöðvum - að frátöldu hinu endalausa fréttæfni.

Það vantar skáldað efni í lifandi myndum handa Íslendingum. Skelfilegast er ástandið þegar kemur að barnæfni þar sem heilu morgnarnir eru undirlagðir hundleiðinlegum myndum úr bandarískum smábærjaveruleika með tilheyrandi „baseball“ og „high school“ og „apple pie“ og staðalmyndum. Í vikunni fékk Guðrún Helgadóttir vel forþentan heiður í tilefni af Degi íslenskrar tungu - en hvar eru þættirnir upp úr Jóni Oddi og Jóni Bjarna eða „Óðruvísi“-bókunum? Hvar eru teiknimyndirnar um Málfríði og mömmu hennar? Af hverju eru ekki ný ævintýri Pappirs-Pésa í hverri viku? Og handa fullorðnum: hvar eru þættirnir upp úr bókum Arnaldar? Er verið að bíða eftir því að Danir geri þá?

Þegar Íslendingar sjá leikið efni í sjónvarpi um sjálfa sig og líf sitt - sem ekki er revía upp úr fréttunum eða fólk að gefla sig - finnst þeim það óþægilegt og asnalegt. Kallakaffi er lofsvert framtak þar sem allir hljóta nokkra þjálfun og venjast við slíkt efni: áhorfendur, leikarar og höfundar

Og talandi um höfunda: vandi verður í næstu syrpu sett teymi í að skrifa þættina undir stjórn Sveinbjörns I. Baldvinssonar sem er sá maður á landinu sem kann fagið. ■

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna
viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐELD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ÍSN 1670-3871



Peugeot 307 SW
frá **1.995.000** kr.

Nýr Peugeot 307 SW

fær þig til að hugsa: „Meira fyrir peninginn“

www.peugeot.is

Nýr Peugeot 307 SW, arftaki eins vinsælasta bíls í Evrópu lyftir merkinu enn hærra – og á enn fleiri sviðum. Nýr og flottur að framan. Nýjar ofurhagkvæmar vélar. Nýjar viddir í öryggi, þægindum og aksturseginnleikum. Þú velur úr miklu úrvali af leiftursnögnum bensínvélum og kraftmiklum HDI-vélum og útfærir bílinn eins og hentar þinni fjölskyldu. Nýr Peugeot 307 SW hlaðinn er búnaði á nýju verði þannig að þú færð enn meira fyrir peninginn en þú átt að venjast. Peugeot 307 SW er strax farinn að fá landann til að hugsa „meira fyrir peninginn“ – komdu, prófaðu og lyftu þér og fjölskyldu þinni upp með bjartasta ljóninu á veginum.

307



PEUGEOT

BERNHARD

BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

SP

SP-FJÁRMÖGNUN

Þekkingin eyðir ótta!

Geðklofi virðist vera sá sjúkdómur sem hvað mestan ótta vekur miðað við aðra geðsjúkdóma. En hvað veldur þessum ótta? Þekkingarleysi. Þessi sjúkdómur er líka þess eðlis að viðkomandi er oft ekki fær um að bera hönd fyrir höfuð sér og berjast fyrir sjálfssögðum mannréttindum og virðingu í samfélaginu.

Í Kastljósi þann 31. október síðastliðinn var viðtal við húsnaðislausan rúmlega þrítugan mann sem lifað hefur með geðklofa í tíu ár. Það vakti athygli mína hvað þessi maður kom vel fyrir. Ég ræddi þetta við geðlækni sem var sama sinnis, fannst viðkomandi koma öllu mjög skýrt og vel frá sér, og bætti við að ef hann hefði ekki vitað um sjúkdóminn hefði hann ekki grunað að viðkomandi væri greindur geðklofi. Þessi ungi maður er einmitt gott dæmi um hversu góðan bata einstaklingar með geðklofa geta hlotið með sjálfshjálp, að þekkja hættumerki sjúkdómsins, hjálp frá bærri lyfja, og víðeigandi meðferðar fagaðila að ógleymdum stuðningi fjölskyldunnar sem er einn stærsti hlekkurinn í bataferlinu.

Alls konar ranghugmyndir og fordómar viðhafast um þennan geðsjúkdóm. T.d. að viðkomandi sé margar persónur og sé ofbeldis-hneigður svo eitthvað sé nefnt. En báðar ofantaldar staðhæfingar eru rangar. Þessir einstaklingar eru ekki margar persónur né ofbeldis-hneigðari en gerist meðal almennings samkvæmt rannsóknum. Þeir einstaklingar sem greinast með sjúkdóminn og eru hættulegir sér og umhverfi sínu fá vistun á víðeigandi stofnun. En það eru mun færri einstaklingar en þeir sem eru úti í samfélaginu. Lesandi góður, ef þú ert haldinn hræðslu eða fordómum gagnvart geðklofa, þá er einfalt að nálgast bæklinga á heilsugæslustöðvum, í apótekum og víðar um sjúkdóminn, auk þess er hægt að

UMRÆÐAN
GEÐKLOFI



VALA LÁRUSDÓTTIR

Okkar frábæra leikkona, Edda Heiðrún Backman, sagði nýverið í viðtali í Ríkissjónvarpinu varðandi MND-sjúkdóm sinn og hvernig hún tækist á við hann, að hún liti á þetta sem verkefni en ekki veikindi.

fara inn á Internetið, t.d. Netdoktor.is o.fl. Því þekking eyðir ótta!

Undirrituð hefur verið í aðstandendahóp Geðhjálpar síðan í vor. 30. október síðastliðinn var hann formlega stofnaður með yfirskriftinni „Fram í dagsljósið“. Já, það er einmitt eitt af þeim mikilvægu sporum sem aðstandendahópur Geðhjálpar ætlar að stíga í framtíðinni. Það gladdi okkur að húsfullir var á fundinum og það er augljóst að róttækra aðgerða er þörf. Hópurinn starfar á grundvelli 10. gr. laga Geðhjálpar.

MIKILVÆGUSTU MARKMIÐ HÓPSINS ERU:

- Að berjast fyrir því að þeir sem þjást af geðsjúkdómum og aðstandendur þeirra njóti sömu mannréttinda og virðingar og aðrir í samfélaginu.

- Að vinna gegn fordómum og vanþekkingu á geðsjúkdómum og afleiðingum þeirra. Þetta þýðir að:

- Hópurinn berst fyrir bestu þjónustu sem völ er á og endurhæfingu sem tekur mið af þörfum hvers og eins;

- Hópurinn beitir sér fyrir fræðslu um geðsjúkdóma og afleiðingar þeirra fyrir þá sem af þeim þjást.

Til að fá aðild í aðstandendahóp Geðhjálpar er skilyrði að ganga í Geðhjálpar þar sem hópurinn starfar undir hatti félagsins. Við hvetjum aðstandendur og áhugasókn til að ganga til liðs við okkur. Áhugasamir hafi samband við Geðhjálpar, Tungötu 7 Reykjavík, sími 570 1700. Aðstandendahópur Geðhjálpar horfir fyrst til búsetu- og endurhæfingalausna auk fræðslu. Verkefni eru mörg og mikilvægt er að allir þeir aðilar sem að úrræðum koma, að ógleymdum notendum og aðstandendum, séu í samráði og forgangsröðun.

Mig langar að færa öllu því góða og frábæra fólki innan Geðhjálpar, aðstandendahópnunum og öðrum sem hafa lagt ómælda vinnu í málaflokkinn og skapað umræðu; hjartans þakkir. Sérstakar þakkir fá hæstvirtur félagsmálaráðherra Árni Magnússon og hæstvirtur heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson fyrir að leggja sín lóð á vogarskálarnar með auðsýndum áhuga og skilningi að sögn talsmanna okkar í aðstandendahópnunum. Okkar frábæra leikkona, Edda Heiðrún Backman, sagði nýverið í viðtali í Ríkissjónvarpinu varðandi MND-sjúkdóm sinn og hvernig hún tækist á við hann, að hún liti á þetta sem verkefni en ekki veikindi. Þetta þótti mér falleg og uppbyggileg setning. Það er gott að það er til fólk eins og hún, sjúkum og aðstandendum til hvatningar í erfiðum sporum.

Ég ætla að hafa fallugu fleygu setninguna hennar Eddu Heiðrúnar að leiðarljósi og líta á veikindi míns ástvinar sem verdugt verkefni, horfa á styrkleika hans, því að það er svo sannarlega gefandi. Ég leyfi mér hér með að stíga fram í dagsljósið og er stolt af því. Fólk velur sér nefnilega ekki sjúkdóma, en það er samdóma álit hópsins að geðsjúkdómur þurfa að fá sömu umfjöllun og aðrir sjúkdómur.

Höfundur starfar með aðstandendahóp innan Geðhjálpar.

Leyndarmál jafnaðarmanna

Fyrir skömmu birti The Economist fréttir af því að flokksstarf bandarískra jafnaðarmanna væri lamað vegna spillingar íhaldsmanna þar í landi. Öll orka jafnaðarmanna færi nú í að fjalla um og fordæma spillinguna meðan mótun og boðun stefnumála lægi öll niðri.

The Economist bendir réttilega á að flokkar vinna ekki kosningar vegna spillingar andstæðinga sinna heldur vegna þess að þeir sigra hugsjónastríðið og bjóða upp á jákvæða framtíðarsýn. Bill Clinton gerði það 1992 og Tony Blair 1997. Nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði og fyrrum efnahagsráðgjafi Bills Clinton, Joseph Stiglitz, hefur reynt að leiðbeina bandarískum jafnaðarmönnum út úr ógöngunum. Hann telur fyrsta verkefni jafnaðarmanna vera að útskýra fyrir fólki hvað er rangt við hugsjónir íhaldsmanna. Útskýra hvernig þessi ofureinfalda hugsjón einstaklingshyggju og græðgi byggir á goðsögnum en ekki staðreyndum.

með því að hleypa lesandanum inn í missjúk hugarfylgsni þess fólks sem keyrir atburðarásina áfram og hleður söguna öllum þeim tilfinningum sem gefa sakamálasögum kraft og fólk tilefni til að fremja morð. Hér krauma heitar ástríður, hatur, þráhyggja, afbrýðisemi og smá slatti af geðveiki.

Jón Hallur hrærir þessu öllu saman í ákaflega vel skrifaðan reyfara og Krosstré er bæði afskaplega læsileg og spennandi bók.

Lýsingar á atburðum eru oft á tíðum mjög myndrænar þannig að þeir rúlla eins og kvikmynd fyrir augum lesandans. Þetta verður sérstaklega áberandi í krassandi lokauppgjöri sem tekur á sig klisju-kennða mynd lokaatriða amerískra spennumynda. Þetta kemur þó ekki að sök enda hefur höfundurinn lagt svo vandlegan grunn að endinum með því að slá ryki í augu lesandans og afvegaleiða hann frá fyrstu blaðsíðu þannig að allt fellur þetta saman í glæsilega og sannfærandi heild. Það er því óhætt að mæla með Krosstré handa þeim sem kunna að meta almennilega krimma og ég leyfi mér að vona að Jón Hallur hafi ekki sagt skilið við lögguna Valdimar Eggertsson. Þórárn Þórárnsson

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 24/11 örfá sæti laus, fös. 25/11 nokkur sæti laus, lau. 26/11 nokkur sæti laus, Síðustu sýningar.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 27/11 kl. 14:00 örfá sæti laus. Síðustu sýningar fyrir jól.

EDITH PIAF
Sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

BRIM
Mið. 23/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11 örfá sæti laus. Síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 uppselt, lau. 26/11, mið. 30/11 uppselt, fim. 1/12 uppselt, fös. 2/12. Síðustu sýningar.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Frumnýning lau. 26/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 4/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 11/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 18/12 kl. 14:00 og kl. 16:00.

LEIKHÚSKJALLARINN

Í kvöld mán. 21/11 kl. 20:30 Bandamenn - Ljóða- og söngdagskrá.
Þri. 22/11 kl. 20:30 Bandamenn - Ljóða- og söngdagskrá
Fös. 25/11 og lau. 26/11 Jólaljóðabörð Leikhúskjallarans. Örn Arnason, Þjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum. Örfá sæti laus.
Sun. 27/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans - Q56 Tónlist eftir Joe Henderson.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. ADRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIDASALUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Leisang

Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leikýning landsins.
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

18. sýn fös 18. nóv. - örfá sæti laus
19. sýn lau 19. nóv. - örfá sæti laus
20. sýn fös 25. nóv. - Nokkur sæti
21. sýn lau 26. nóv. - Nokkur sæti
22. sýn. 2. des.
23. sýn. 3. des.

Miðapantanir í síma 555 2222 og á mid.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Ógnarjafnvægi raskað

[BÆKUR]

UMFJÖLLUN

Það syrtir heldur betur í álinn hjá vini okkar honum Harry Potter í þessari sjöttu bók J.K. Rowling um baráttu galdra-drengsins með örið á enninu við myrkröflin. Spennan magnast því í Harry Potter bálknum sem heild þó höfundinum hafi heldur verið að fatast flugið í tveimur síðustu bókunum.

Rowling toppaði í Harry Potter og eldbikarnum sem er að mínu mati langbesta Harry Potter bókina þó það hefði að ósekju mátt stytta hana um 100 blaðsíður eða svo. Það gekk hins vegar

svo rosalega mikið á í bókinni og í lífi Harrys sem á viðkvæmu þroskaskeiði þurfti að horfast í augu við erkifjandann Voldemort í öllu sínu veldi.

Næstu tvær bækur, Harry Potter og Fönixreglan og nú Harry Potter og blendingsprinsinn halda ekki sama dampi en það breytir því þó ekki að þessi nýjasta bók er þrælskemmtileg og vægast sagt áhugaverð fyrir alla þá sem eru fastir í töfraneti Rowling.

Það er hins vegar ekki Harry sjálfur og ævintýri hans sem vekja mesta forvitni í blendingsprinsinum heldur óvenju djúp innsýn sem lesandinn fær í hugarheim og ævisögu Trevor Del-

gome sem síðar tekur upp nafnið Voldemort.

Fyrir utan þessi safaríku innlit í brenglaðan huga og ættarsögu Voldemorts gengur allt sinn vanagang í Hogwarts. Harry, Ron og Hermione gruna Malfoy um græsku og hafa á honum góðar gætur. Þá heldur gelgjan og hormónaruglið áfram að gera krökkunum lífið leitt og Snape er leiddinleg sem aldrei fyrr.

Rowling gerði mikið úr því þegar hún byggði upp spennu fyrir tvær síðustu bækur sínar að mikilvægur persónur myndu láta lífið í þeim báðum. Þessi brella hefur virkað vel í tvígang og aðdáendur Potters voru með hjartað í buxunum fyrir útkomu

beggja bókanna, svefnlausir af áhyggjum yfir hvern Rowling tæki upp á að drepa Sirius Black var vitaskuld öllum harmdauði í Fönixreglunni en ótímabært dauðsfall þessarar bókar er stóráfall og með því raskast ákveðið ógnarjafnvægi sem ríkt hefur milli hins góða og illa í síðustu fimm bókum.

Nú hefur Voldemort yfirhöndina og allt getur gerst. Það spillir svo ekki fyrir að í þessari bók eru framin hádramatísk svik og upplausin er alger í lokin. Harry Potter og blendingsprinsinn gefur því fögur fyrirheit um að síðasta bókinni verði kynngimagnað og dimmt drama.

Þórarinn Þórarinnsson



HARRY POTTER OG BLENDINGSPRINSINN

HÖFUNDIR: J.K. ROWLING
ÚTGEFANDI: BJARTUR

Niðurstaða: Nú hefur Voldemort yfirhöndina og allt getur gerst. Það spillir svo ekki fyrir að í þessari bók eru framin hádramatísk svik og upplausin er alger í lokin.

NÝJAR BÆKUR



Hjá Máli og menningu er **Vetrarvíg**, myndasögubók eftir Emblu Yr Bárudóttur og Ingólf Örn Björgvinsson komin út. Bókin er sjálfstætt framhald verð-

launabókanna Blóðregns og Brennunnar, myndasagna sem byggðar eru á Brennu-Njáls sögu.

Hjá Máli og menningu er komin út bókina **Bæjarins verstu** eftir Hrein Vilhjálmsson, tæplega sextugan Reykvikling sem leiddist kornungur út í óreglu og missti tökin á tilverunni.

Í þessari hispurslausu bók lýsir höfundur því á vægðarlausan en þó brotlegan hátt hvernig hann fer í hundana.



Hjá Máli og menningu er komin út sakamálasagan **Blóðberg** eftir Ævar Örn Jósepson, sem hefur með glæpasögum sínum Skítadjobbi og Svörtum englum tekið sér stöðu í

fremstu röð glæpasagnahöfunda landsins. Bækurnar hafa hlotið löfsamlega dóma og Svartir englar var tilnefnd til Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna.

Hjá Máli og menningu er komin út bókina **Túristi** eftir Stefán Mána. Bókin er ferðasaga um lendar ástarinnar, um refilestigu bókmenntanna og dularfulla afkima mannsins.



Metsölu-bókin **Þú ert það sem þú borðar** eftir dr. Gillian McKeith er komin út á íslensku hjá bókaútgáfunni Hólum. Í bók-

inni er að finna upplýsingar um fæðutegundir sem geta valdið ýmsum kvillum eða hjálpað manni að losna við þá.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

VÍSIR
VEF.TV

HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

STÓRI PAKKINN

350.000 KALL Í JÓLAGJÖF!

NÝR PATROL Á GJAFVERÐI OG ÞRÚHUNDRUÐ OG FIMMTÍU ÞÚSUND KRÓNA JÓLAGJÖF Í KAUPBÆTI. AÐEINS 20 BÍLAR Á ÞESSU TILBOÐI!



JÓLA-NISSAN PATROL

AÐEINS 20 BÍLAR Á ÞESSU TILBOÐI!

250.000 kr. aukahlutapakki

Innfalið: 33" dekk, krókur og toppbogar.

Tegund	Verð
Patrol Luxury beinskiptur	4.090.000.-
Patrol Luxury sjálfskiptur	4.190.000.-
Patrol Elegance beinskiptur	4.390.000.-
Patrol Elegance sjálfskiptur	4.490.000.-



SKIPT um væntingar

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opió: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



FARA BRÁTT Í VÍKING Stelpurnar hafa endurgerð gamalt Stones-lag, Have you seen your mother baby, sem ráðgert er að komi út í Englandi snemma á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK



ALMA GUÐMUNDSÓTTIR Semur eitt lag á plötunni en kærastinn hennar, Óskar Páll, stjórnaði upptökum á plötunni.


Nylon slær í gegn í Loftkastalanum

Það var nánast fullt út úr dyrum þegar stúlknaflokkurinn Nylon hélt útgáfutónleika sína en sveitin gaf nýverið út sína aðra plötu sem heitir Góðir hlutir. Var góður rómur gerður að tónleikunum en sveitin hyggur á frekari landvinninga á næstunni. Kemur endurgerð sveitarinnar á

Rolling Stones-laginu Have you seen your mother baby út í Englandi snemma á næsta ári en þar kveður við nýjan tón. Eru stúlurnar bjartsýnar á gott gengi enda allar forsendur til þess, platan uppseld hjá útgefanda og fór beint í efsta sæti Tónlistans.



NYLON Platan Góðir hlutir hefur fengið frábærar móttökur hjá aðdáendum sveitarinnar og er hún nú uppseld hjá útgefanda.



ÁNÆGDAR MEÐ STELPURNAR Þessar tvær yngismeyjar brostu sínu breiðasta í Loftkastalanum á laugardaginn enda ánægðar með tónleika Nylon.

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

<p>Porsche Boxster S Nýskráður 6.2001 Dekur bíll Ekinn 21 þús. 252 h.p. 6 gíra beinskjölur Di-Xanón framfjos Leðurklædd sportsæti og mælaborð Dæls og harður toppur 18" felgur, ný deik.</p> <p>Verð kr. 3.980.000,-</p>	<p>Porsche 911 Turbo Nýskráður 3.2003 Einn af örfaum bílum frá Weissach Ekinn 12 þús. Yfir 450 h.p. Hámarks hraði, 310 km/klst. 4,1 sek 0 - 100 km/klst 6 þrepja Tiptronic sjálfstjórn Innbyggður sími Leidsögukerfi Bose Hönnkerfi... o.fl.</p> <p>Verð kr. 12.900.000,-</p>	<p>Porsche Cayenne S Nýskráður 8.2003 Vel með farin Ameríkuútgáfa 340 h.p. Ekinn 30 þús. Titanium metallic blár 8 gíra Tiptronic og líffélag Bose Hönnkerfi Cruise Control Söluátt Dráttarvæðing</p> <p>Verð kr. 5.690.000,-</p>
--	---	--

Bilabú Benna - Vagnhúsið 23
Sími 890-2000 - www.benna.is



TILÞRIF Í LAGI Steinunn Kamilla sýndi mikil tilþrif í einu laganna eins og sjá má. Þær stúlkur klæddust fótum frá versluninni Oni.

HVAÐ ÞARF TIL AÐ **STOPPA** ÞIG?

AKTU **ALDREI** UNDIR ÁHRIFUM!


UMFERDARSTOFA

VÍN  BÚÐ

HUGSABU STÓRT
SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

FÖR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

Það sem kom fyrir Emily Rose er óhugnanlegra en nokkuð sem þú getur ímyndað þér

FRÁ HÖFUNDI BUFFY THE VAMPIRE SLAYER. ÓTRÚLEGAR BRELLUR OG SVÖL ÁTAKAÞRÍÐI.

THE EXORCISM OF EMILY ROSE
Sýnd kl. 5, 8 og 10.40 B.i. 16 ára
Sýnd í Lúxus kl. 5, 8 og 10.40

blaðið FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn! Sjóðheit spennumynd með ofurtólfaranum Paul Walker og hinni stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.20 B.i. 14 ára

SERENITY
Sýnd kl. 5, 8 og 10.40 B.i. 16 ára

In Her Shoes
Sýnd kl. 5.20

Africa United
Sýnd kl. 8 og 10.40 B.i. 12 ára

Dolby Digital, IFC, BÍÓ.S - allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

FÖR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

Það sem kom fyrir Emily Rose er óhugnanlegra en nokkuð sem þú getur ímyndað þér

FRÁ HÖFUNDI BUFFY THE VAMPIRE SLAYER. ÓTRÚLEGAR BRELLUR OG SVÖL ÁTAKAÞRÍÐI.

THE EXORCISM OF EMILY ROSE
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

blaðið FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn! Sjóðheit spennumynd með ofurtólfaranum Paul Walker og hinni stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Africa United
Sýnd kl. 6 og 8

bara lúxus **LAUGARAS BÍÓ** Sími 553 2075

Waiting...
Frá framleiðanda American Pie

FRÁ HÖFUNDI BUFFY THE VAMPIRE SLAYER. ÓTRÚLEGAR BRELLUR OG SVÖL ÁTAKAÞRÍÐI.

THE EXORCISM OF EMILY ROSE
Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.L.I.I.

PEIR VORU LEIÐDIR Í GILDIRU... NÚ ÞARF ENNIVER AÐ GJALDA!
FOUR BROTHERS
Hörku spennumynd frá leikstjóra "2 Fast, 2 Furious" og "Host in the Hood"

Sýnd kl. 8 og 10:30 B.L.I.I.

THE DESCENT X
Sýnd kl. 5:30

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Angelina Jolie segir að móðurhlutverkið sé það besta sem hafi nokkurn tímann komið fyrir hana. Jolie sem á soninn Maddox og dótturina Zahara sem bæði voru ættleidd. Hún segist einnig vera nokkuð viss um að hún eigi eftir að ættleiða fleiri börn í framtíðinni. „Börnin eru það mikilvægasta í lífi mínu þessa stundina“ segir þessi geðþekka leikkona.

Kvikmyndaleikstjórinn Guy Richie hefur sagt skilið við gerð glæpamynda og ætlar í framtíðinni að einbeita sér að öðrum verkefnum. Leikstjórinn er að sögn að undirbúa mynd sem hann segir vera ævintýramynd fyrir fullorðna. Seinustu myndir þessa hæfileikarika leikstjóra hafa ekki gengið sem skyldi.

Leikarinn góðkunnir Johnny Depp, hefur bannað börnum sínum tveimur, hinni sex ára gömlu Lily og hinum þriggja ára gamla Jack að horfa á kvikmyndina The Libertine næstu tuttugu árin. Depp, sem leikur aðalhlutverk myndarinnar, segir að börn sín verði að fá að halda í sakleysi í eins langan tíma og mögulegt er án þess að hinir vondu hlutir tilverunnar trufla bernsku þeirra og upplífi.

Leikarinn Russell Crowe hefur játað að hafa hent síma í móttökustjóra hótels í New York á dögunum. Var hann dæmdur til þess að greiða málskostnað og má hann ekki verða handtekinn í Bandaríkjunum næsta árið, annars á hann á hættu að missa atvinnuleyfi sitt þar í landi. Hafði hann áður borgað móttökustjóranum rausnarlegar bætur.



CHRISTINA AGUILERA

Christina Aguilera gengur í hjónaband

Söngkonan Christina Aguilera gekk að eiga tónlistarframleiðandann Jordan Bratman á laugardag. Athöfnin fór fram við sólsetur í Napa-dalnum í Kaliforníu á laugardag. Brúðurin klæddist dýrðlegum brúðarkjól sem hannaður var af hinum fræga franska tiskuhönnuði Christian Lacroix. Að sögn hófust veisluhöldin strax á föstudagskvöld með viðhafnarkvöldverði þar sem Aguilera og Bratman hvöttu gesti sína til þess að gefa í sjóð til styrktar fórnarlömbum fellibyljanna Katrínu og Ritu. Bratman og Aguilera trúlofuðust í bænum Carmen í Kaliforníu þann 11. febrúar á þessu ári. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum tímaritsins People það Bratman hennar inni á hótelsvítu sem hann hafði fyllt af rauðum rósum og alls kyns gjöfum til hennar. Christina bjóst alls ekki við bönorði. „Ég var í þann mund að fara að opna síðustu gjöfina og þá sá ég að í pakkanum var hringur. Hann spurði mig hvort ég vildi gera honum þann heiður að gerast eigin kona hans. Auðvitað sagði ég já. Ég hef í rauninni verið í skýjunum síðan.“

Paríð hittist fyrst árið 2002 þegar Bratman vann hjá plötufyrirtæki í hennar eigu. Þetta er fyrsta hjónaband beggja.

Óskar Tom og Katie velfarnaðar

Nicole Kidman, fyrrverandi eigin kona leikarans Tom Cruise, hefur sagt að hún voni að samband Toms og Katie Holmes gangi upp. „Þegar maður hefur verið í sambandi með einhverjum jafn lengi og ég og Tom vorum saman þá vill maður auðvitað að sá aðili finni hamingjuna þrátt fyrir að hann hafi valdið manni sárindum. Maður verður að hegða sér eins og fullöðin manneskja, sérstaklega ef maður á börn. Þau þurfa að vita að maður styðji þau þeirra þó að við séum ekki saman lengur. Sem betur fer höfum við bæði náð að komast yfir sambandslit okkar og



NICOLE KIDMAN

haldið áfram að lifa okkar lífi eins og við getum best“.

Listin hermir eftir lífinu

Kvikmyndaleikkonan undurfagra Jennifer Aniston hefur að undanfögnu grínast með það að hún muni senn gefa út þriggja diska sett með nafninu „Eitt ár í lífi mínu“. Að sögn hennar finnst henni sem titlar myndanna sem hún hefur leikið í undanfarið ár hafi endurspeglad líf hennar seinustu ár að nokkru leyti. „Stundum hef ég á tilfinningunni að einhver sé að elta mig. Þá meina ég ekki í venjulegum skilningi slúðurljósmyndara og æsifréttamanna. Ég meina, ef við horfum bara á titla þriggja seinustu mynda sem ég birtist í þá kom fyrst Derailed. Síðan var það The Break Up og loks kom Rumour has it. Ef þetta er ekki undarlegt þá veit ég ekki hvað.“



JENNIFER ANISTON

eiginmaður Jennifer, Brad Pitt, hefur að undanfögnu sést oft í fylgd með leikkonunni Angelinu Jolie eins og frægt er orðið. ■

Mjög gott, en...

[TÓNLIST]

Á síðustu níu árum hefur Super Furry Animals frá Wales gefið út sjö breiðskífur. Allar þeirra hafa verið vel yfir meðallagi, en engin þeirra á heldur eftir að teljast klassík, sem er synd, þar sem þessi sveit er án efa með athyglisverðari sveitum Breta síðustu ár. Meðlimir hennar eru algjörlega með sinn eigin stíl, koma þó úr svipaðri tilraunastofu og The Beta Band, og síðustu plötur þeirra hafa verið eyrnakonfekt. Góðar lagasmíðar, frábærlega fjölbreyttar útsetningar þar sem ólíklegustu áhrifum er blandað saman. Allt frá The Beach Boys, The Stone Roses og The Orb til Sigur Rósar og Gil Scott-Heron. Aldrei leiðinlegt, en aldrei heldur nægilega magnað til þess að sprengja á manni heilann og skilja mann eftir volandi eins og smákrakka, blótandi guðunum yfir því hversu undarlega hann kaus að skvettu hæfileikagenunum. Það er eins með þessa nýju plötu, Love Kraft. Super Furry Animals er löngu orðin uppáhald allra fræðhúsa í Bretlandi. Þeir vita líka vel af því og helmingur „tilrauna“ þeirra í tónlistinni er undarleg eða fyndin hljóð ætluð til þess að framkalla bros á vörum manna með fjarrænt augnaráð. Hér eru þeir í ballöðufflingnum og kasta öllu til þegar þarf. Strengjum, klukkuspili og karlakörum. Söngvarinn Gruff Rhys minnir mig svolítið á hinn andlega þreytta og þjáða Dennis Wilson, trommara The Beach Boys. Söng-



SUPER FURRY ANIMALS: LOVE KRAFT

Niðurstaða: Sjöunda breiðskífa Super Furry Animals er eins og flestar hinar, mjög góð en ekki nægilega magnþrungið til þess að teljast til meistaraverka. Ef sveitin fer ekki að passa sig á hún eftir að hverfa inn í sinn eigin draumaheim og falla í gleymsku.

upptökur hans hljómuðu alltaf eins og þær væru gerðar klukkan sjö að morgni eftir langt djamm, sem þær líklegast voru. Magnaðasta lagið á þessari nýju Super Furry plötu er látið bíða þar til næstsíðast. Cloudberryes, sem hljómar eins og stutt ferðalag um ævintýraheim skýjanna. Það er greinilegt að Super Furry Animals hefur mjög gaman af því að búa til plötur, og sveitin er bara helvíg góð í því. En það væri kannski ekki slæm hugmynd að skapa einhverja heildarhugmynd áður en vaðið verður í gerð næstu plötu. Því þessi plata er eins og svo margar aðrar frá loðýrunum, það vantar bara herslumuninn til þess að hér sé meistaraverk á ferð. Efniviðurinn er til staðar, en hann er ekki nægilega vel nýttur.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HÁKATÖRGI • S. 530 1119 • www.haskolabio.is

PAR SEM ER VILJI, ERU VOPN.

LORD OF WAR

ÞAU ERU GÓÐU VONDU GÆJARNIR.

FRÁ HÖFUNDI BUFFY THE VAMPIRE SLAYER.

SERENITY

LA MARCHÉ DE L'EMPEREUR

ORLANDO BLOOM

ELIZABETHTOWN

LITLI KJÚLLINN

ELIZABETHTOWN

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
LORD OF WAR KL. 5.45-8-10.30 B.I. 16	SERENITY KL. 8 B.I. 16	SERENITY KL. 5.45-8-10-10.30 B.I. 16
LORD OF WAR VIP KL. 10.30	ZORRO 2 KL. 8	CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 6
ELIZABETH TOWN KL. 5.30-8-10.30		LITLI KJÚLLINN isl. tal KL. 6
LITLI KJÚLLINN isl. tal KL. 4-6		TWO FOR THE MONEY KL. 8-10.30 B.I. 12
CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 4-6-8-10.10		KISS KISS BANG BANG KL. 8-10.30 B.I. 16
TWO FOR THE MONEY KL. 10.30		
TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 4-6-8-10.10	AKUREYRI	
FLIGHTPLAN KL. 8.15 B.I. 12	LITLI KJÚLLINN isl. tal KL. 6	
WALLACE & GROMIT isl. tal KL. 3.45	SERENITY KL. 8-10.10	
	LORD OF WAR 8-10.10	
	WALLACE & GROMIT isl. tal KL. 6	

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900

KRINGLAN ☎ 588 8900

AKUREYRI ☎ 461 8666

FRABRO SKEMNTUN

SAMBÍÓIN

Háskólabíó

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hótelstjóri París Hilton er ekki að spara það. Sankvæmt heimasíðu News of the World sást hún í undirfatubúð í glamúrborginni Las Vegas þar sem hún á að hafa mátað nánast öll undirföt sem til sýnis voru í búðinni. Að máttuninni lokinni skelti hún kreditkortinu á búðarborðið og keypti allt sem hún hafði mátað. Ljóst er að nóg er af peningum á þeim bænum.

Öfurfyrirsætan Naomi Campbell og söngvarinn Robbie Williams, eiga að sögn að hafa átt í leynilegu ástarsambandi í um það bil eitt ár. Samkvæmt heimildum fyrrum upplýsingafulltrúa Naomi Campbell á sambandið að hafa verið í gangi þegar Naomi var ennþá tygjum við ítalska milljonamæringinn og eiganda kappaksturslíðsins Renault, Flavio Briatore.



ANISTON OG PITT Leikarahjónin fyrrverandi þóttu bera af öðrum þörum. Ekki er langt síðan þau slitu samvistum.

Viðurkennir mistök sín

Leikkonan Jennifer Aniston hefur viðurkennt að hún hefði ekki átt að tala eins opinskátt og hún gerði um samband sitt við hjartaknúsarann Brad Pitt þegar þau voru gift. Hún segist jafnframt ætla að tala minna við fjölmiðla um ástálif sitt í framtíðinni. Ekki er langt síðan Gwyneth Paltrow, fyrrverandi kærasta Pitts, gagnrýndi þau fyrir að hafa verið svo opinská um sambandið. „Hlutirnir hefðu

verið mun auðveldari fyrir þau ef þau hefðu ekki talað við fjölmiðla um hvort annað til að byrja með,“ sagði Paltrow. Aniston, sem undanfarið hefur verið orðuð við leikarann Vince Vaughn, segist skilja gagnrýni Paltrow vel í samtali við tímaritið GQ. „Hún hefur hárrétt fyrir sér. Mér finnst eins og það sé heill grafreitir til af frægum þörum sem núna hafa lært sína lexíu,“ sagði Aniston. ■

Uppáhaldsterta Harry Potter er á leið í verslanir!

FORSALA HAFIN!

25. NÓVEMBER		26. NÓVEMBER		27. NÓVEMBER	
SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA	KL. 2-4-5-7-8-10-11	SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA	KL. 1-2-4-5-7-8-10-11	SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA	KL. 1-2-4-5-7-8-10-11
ÁLFABAKKI LÚXUS VIP	KL. 2-5-8-11	ÁLFABAKKI LÚXUS VIP	KL. 2-5-8-11	ÁLFABAKKI LÚXUS VIP	KL. 2-5-8-11
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI	KL. 2-4-6-8-10-12	SAMBÍÓIN KRINGLUNNI	KL. 12-2-4-6-8-10-12	SAMBÍÓIN KRINGLUNNI	KL. 12-2-4-6-8-10-12
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK	KL. 5-8-11	SAMBÍÓIN KEFLAVÍK	KL. 2-5-8-11	SAMBÍÓIN KEFLAVÍK	KL. 2-5-8-11
SAMBÍÓIN AKUREYRI	KL. 5-8-11	SAMBÍÓIN AKUREYRI	KL. 1-4-6-8-10	SAMBÍÓIN AKUREYRI	KL. 1-4-6-8-10
HÁSKÓLABÍÓ	KL. 6-8-10	HÁSKÓLABÍÓ	KL. 2-4-6-8-10	HÁSKÓLABÍÓ	KL. 2-4-6-8-10



Skýrist í vikunni

Framtíð Garðars Gunnlaugssonar skýrist að öllum líkindum í vikunni en nokkur erlend félög hafa borið víurnar í hann síðustu vikur. Meðal annars franska liðið Dijon. Ef Garðar fer ekki utan verður hann áfram með Val.

sport

sport@frettabladid.is

SIGURÐUR INGIMUNDARSON, ÞJÁLFARI KEFLAVÍKUR: GEFUR LÍTIÐ FYRIR GAGNRÝNISRADDIRNAR

Engin vanvirðing hjá okkur

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur í körfubolta, þvertokur fyrir að liðið vanvirði Powerade-bíkarkeppnina en þeir sættu nokkurri gagnrýni eftir tapið gegn Njarðvík síðastliðinn föstudag í undanúrslitunum fyrir að reyna ekki að fresta leiknum. Keflavík spilaði gegn Riga í Evrópukeppninni daginn áður og vann frækinn sigur sem tók allan vind úr liðinu sem tapaði gegn Njarðvík með 28 stiga mun daginn eftir.

„Ég held að þetta sé frekar virðing við keppnina að við drullumst til að mæta í alla leiki og spila þá í staðinn fyrir að draga okkur úr keppninni af því við viljum taka þátt í þessu öllu. Menn skyldu því aðeins hafa sig hæga við að gagnrýna þetta, anda djúpt og skoða hvað þeir eru að segja áður en þeir fara að röfla. Ég tel að við séum að sýna keppninni mikla virðingu og menn eru að leggja sig gríðarlega fram við að spila þessa leiki. Menn skyldu virða það.“ sagði Sigurður við Fréttablaðið í gær.

„Það var ekki um neitt annað að ræða en að spila svona þar sem við vildum ekki vera að segja okkur úr keppninni. Dagskráin okkar er svo þétt að við spilum marga leiki í hverri viku en við lögðum okkur alla fram en það fór mikil orka í leikinn gegn Riga en við erum ekkert að nota þetta sem afsökun, við vissum alveg hvað við vorum að gera og hvað við vorum að fara út í.“

Keflvíkingar eru komnir í sextán liða úrslit Evrópukeppninnar þar sem þeir mæta kunnuglegu liði, CAB Madeira frá Portúgal sem þeir hafa mætt þrjú ár í röð í keppninni. „Þeir virðast vera sterkari núna en þeir hafa verið áður og eru til að mynda efstir í deildinni í Portúgal. Þeir eru með mjög sterkt lið en það er allt hægt þannig að við erum hvergi bangnir.“ sagði Sigurður en fyrri leikurinn fer fram í Keflavík 8. desember en síðari leikurinn ytra viku síðar.



> Ólöf að missa af lestinni?

Ólöf María Jónsdóttir er í 63. sæti á lokastigi úrtökumótsins fyrir evrópsku mótardöðina eftir tvo hringi. Hún lék fyrsta hringinn á 80 höggum en stóð sig ívið betur í gær en hún kom í hús á 76 höggum. Hún er samtals á tíu höggum yfir pari. Ólöf þarf klárlega að leika sitt besta golf næstu daga ætli hún sér að komast á Evrópumótardöðina því aðeins 30 efstu fá fullan þáttökurétt á mótardöðinni.



HJÓRTUR HJARTARSON Fagnar hér einu að mörgum mörkum sínum fyrir ÍA. Hann mun væntanlega fagna fleiri mörkum næsta sumar í gula búningnum.

Góð tíðindi fyrir ÍA: Hjörtur áfram á Skaganum

FÓTBOLTI Hjörtur Júlíus Hjartarson, markakóngur Skagamanna í sumar hefur ákveðið að framlengja dvöl sína hjá liðinu og mun hann því spila með ÍA næsta sumar. Hjörtur fékk gullskóinn á Íslandsmótinu árið 2001 þegar hann skoraði fimmtán mörk en hann setti þau sex í sumar og var liðinu mjög mikilvægur. Hann spilaði fjórtán leiki með ÍA en þurfti síðan að fara til Bandaríkjanna þar sem hann stundar nám samhliða knattspyrnunni og missti af síðustu fjórum leikjum liðsins.

Hjörtur er 31 árs og lýsti því yfir eftir síðasta leik sinn með Skagamönnum í sumar að hann mundi helst vilja spila áfram með Skagalíðinu. Báðir aðilar eru því í skýjunum með málið en líklegt er að Skagamenn þurfi að fara á markaðinn í leit að öðrum sóknarmanni því Sigurður Ragnar Eyjólfsson verður ekki með ÍA næsta sumar. Sigurður sleit krossband og er á leiðinni í aðgerð í byrjun desember vegna meiðslna sem halda honum frá knattspyrnuíðkun í marga mánuði.

Hitzfeld segir United hafa boðið sér vinnu

Þýski þjálfarinn Ottmar Hitzfeld greindi frá því í gær að Man. Utd hefði boðið honum starf en sagði ekki hvort það væri starf knattspyrnustjóra. Þetta þykja ekki vera góð tíðindi fyrir Sir Alex Ferguson, stjóra United.



HERSHÖFÐINGINN Á OLD TRAFFORD Ottmar Hitzfeld gengur stundum undir nafninu Hershöfðinginn en hann þykir einstaklega klókur þjálfari. Hann hefur margoft áður verið orðaður við stjórastöðuna hjá Man. Utd en aldrei hefur þótt eins líklegt að hann fari til liðsins.

„Mig langar að koma aftur í boltann og næsta sumar væri finnst tímunktur. Eiginkona mín myndi koma með mér til Manchester og ég er tilbúinn í nýja áskorun.“ sagði Hitzfeld við þýska fjölmiðla en hann hefur ekki starfað í knattspyrnuheiminum síðustu 18 mánuði. Hann er almennt talinn einn besti þjálfari Evrópu enda gerði hann bæði Bayern München og Borussia Dortmund að Evrópumeisturum. Fjöl-mörg félög hafa reynt að freista Hitzfelds síðan hann hætti og meðal annars stóð honum til boða að þjálfra þýska landsliðið. Hann sagði nei og kom sú ákvörðun hans verulega á óvart enda vildi flestir Þjóðverjar að hann myndi stýra liðinu á HM næsta sumar en sem kunnugt er fer keppnin fram í Þýskalandi. Hitzfeld segir það skipta sig miklu að kona hans vill koma með til Manchester.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli. Ég hef fengið tilboð víða í gegnum tíðina og meðal annars frá Milánó en ég sé mig ekki fyrir mér að þjálfra á Ítalíu. Ég verð 57 ára í janúar og sé mig ekki fyrir mér hættu á þeim aldri. Ég er tilbúinn að vinna á nýjan leik.“ sagði Hitzfeld sem nýlega hafnaði tilboði frá Hearts um að þjálfra liðið.



GUNNAR HEIÐAR Væntanlega ekki illa slasaður.

Gunnar Heiðar Porvaldsson meiddur:

Ekki með gegn Sampdoria

FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Porvaldsson, leikmaður Halmstad í Svíþjóð, missir af stóruleik liðsins gegn Sampdoria í UEFA-bíkarkeppninni á fimmtudaginn vegna meiðsla sem hann hlaut á æfingu liðsins í gær. Gunnar Heiðar er þó ekki mikið meiddur og verður að öllum líkindum með liðinu gegn Steaua frá Búkarest í lok mánadans en Halmstad hefur tapað báðum leikjum sínum í keppninni til þessa og enn ekki náð að skora.

Gunnar Heiðar er enn mjög eftirsóttur af liðum í Evrópu en ensk og þýsk lið hafa verið að bera víurnar í Gunnar sem varð markakóngur í Svíþjóð á nýf-stöðnu tímabili. Gunnar á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum við Halmstad og fer að öllum líkindum frá félaginu í janúarmánuði þegar liðin geta farið að tala við hann. Halmstad vill fá um tvær milljónir punda fyrir kappann en meðal liða sem áhuga hafa á Gunnari eru ensku úrvalsdeildarfélagin Everton og Birmingham.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

18	19	20	21	22	23	24
----	----	----	----	----	----	----

Mánudagur

SJÓNVARP	
15.00	World Golf Championship á Sýn.
15.35	Helgarsportíð á Rúv.
18.30	NFL á Sýn. Bengals gegn Colts.
20.30	Ítölsku mörkin á Sýn.
21.00	Ensku mörkin á Sýn.
21.30	Spænsku mörkin á Sýn.
22.00	Bardaginn mikli á Sýn. Tyson gegn Lewis.
23.25	Spænski boltinn á Sýn. Real gegn Barcelona.
23.50	Ensku mörkin á Rúv.



KLIKKADIR Stuðningsmenn Englandts eru líklega þeir ótulustu sem finna má í heiminum. Fastlega má búast við því að enska þjóðfélagið muni fara á annan endann nái enska landsliðið að komast langt á HM.

Almenningur í Englandi hefur áhuga á landsliði sínu:

Enskir stuðningsmenn munu missa sig yfir HM

FÓTBOLTI Stuðningsmenn enska landsliðsins í knattspyrnu munu eyða samtals rúmum 300 milljörðum króna í varning tengdan þátttöku enska liðsins í HM á Þýskalandi næsta sumar, fari svo að liðið komist alla leið í sjálfan úrslitaleikinn. Þetta voru niðurstöður könnunar sem NatWest kreditkortafyrirtækið á Bretlandseyjum stóð nýlega fyrir. Fyrirnefnd upphæð snýst að öllu sem viðkemur þátttöku enska liðsins, meðal annars að sölu keppnistreyja, ferðalögum til Þýskalands og gríðarlegri áfengisneyslu. Fastlega er gert ráð fyrir því að enska þjóðfélagið fari á annan endann ef lið þeirra kemst í úrslit HM. En jafnvel þó að liðið komist ekki þangað gerir könnunin ráð fyrir því að eyðsla ensku stuð-

ingsmannanna muni að lágmarki verða 110 milljarðar. Könnunin sýndi að hinn almenni stuðningsmaður er líklegur til að kaupa sér þrjú bjóra kjósi hann að horfa á leik á bar og að lágmarki einn sérstakan HM-drykk sem flestar krár í Englandi bjóða upp á þegar HM er annars vegar. Ef stuðningsmaðurinn kys að horfa á leikinn í heimahúsi mun hann fá sér að minnsta kosti fjóra bjóra og meðalstóra pitsu með heim-sendingarþjónustu. Þá er búist við því að yfir fimmtíu þúsund Englendingar fari til Þýskalands til að berja goðin augum og mun það ferðalag kosta samtals 3,5 milljarða. Er þá ekki talinn með kostnaður vegna upphalds, áfengis eða öðru slíku.

Chelsea setur heimsmet:

Kaupir 16 ára strák á 370 milljónir króna

FÓTBOLTI Forystumenn Chelsea láta fátt stöðva sig þegar þeir vilja fá einhvern leikmann og það sönnuðu þeir í gær með því að punga út rúmlega 370 milljónum króna fyrir 16 ára strák frá Serbíu, Slobodan Rajkovic. Þetta er hæsta upphæð sem greidd hefur verið fyrir leikmann sem er yngri en 18 ára.

Rajkovic mun vera í herbúðum OFK Belgrade fram á sumar 2007 en þá flytur hann til London. Chelsea var ekki eina liðið sem hafði áhuga á þessum störefnilega strák sem er fastamaður í U-21 árs landsliði Serba. Arsenal og AC Milan sýndu honum einnig mikinn áhuga en voru ekki tilbúin að greiða jafn mikið og Chelsea fyrir hann.



ORMSSON

SKRIFSTOFU- OG HLJÓMTÆKJAEILD
ORMSSON ER FLUTT ÚR LÁGMÚLA 8
Í SÍÐUMÚLA 9

SÍÐUMÚLI 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

BROT AF ÞVÍ BESTA



PIONEER PDP-436XDE/FDE PLASMA SKJÁR

- Skjá stærð 109 cm (43 tommu). Skjáhlutfall 16:9
- Upplausn 1024 x 768 punktar
- HD ready/2 X HDMI
- Pureblack/Pure drive 2HD
- Contrast 3.000:1
- Þyngd 25,8 kg

Verð frá kr.: 399.900,-



PIONEER PDP-506XDE/FDE PLASMASKJÁR

- Skjá stærð 127 cm (50 tommur). Skjáhlutfall 16:9
- Upplausn 1280 x 768 punktar
- HD Ready/2x HDMI
- Pureblack/Pure drive 2HD
- Contrast 4.000:1
- Þyngd 31,8 kg
- Eisaverðlaun 2005-2006

Verð frá kr.: 499.900,-



PIONEER DCS-232 HEIMABIÓKERFI

- Magnari 360 W (5x60 W) RMS
- 60 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útlarp með 30 stöðva minni og RDS

Verð kr.: 33.900,-

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Á PIONEER HEIMABIÓUM FRAM AÐ JÓLUM!

Vegna mikillar sölu er nú biðlisti eftir PIONEER PLASMA sjónvörpum. Þetta „ánægjulega vandamál“ verður leyst vel fyrir jól. Vinsamlegast ráðfærið ykkur við sölumenn okkar í Síðumúla 9 og í Smáralind.



PIONEER VSX-1015 HEIMABIÓMAGNARI

- 7x150 W (6 ohm)
- THX/Dolby Digital/DTS-ES/Dolby ProLogic II
- AM/FM útlarp með RDS 30 stöðva minni
- Forritanleg fjarstýring

Eisaverðlaun 2005-2006

Verð kr.: 79.900,-



PIONEER VSX-515 HEIMABIÓMAGNARI M/ÚTLARPI

- 6.1 rása heimabiómagnari (6x100 RMS @ 8 ohm)
- Styður Dolby Digital, Dolby Digital EX, DTS, DTS-ES Discrete 6.1, DTS-ES Matrix 6.1, DTS Neo:6, DTS 96/24, ProLogic, ProLogicII og ProLogic IIx
- FM/AM útlarp með RDS
- Sjálfvirk uppsetning með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir)

Verð kr.: 39.900,-



PIONEER DCS-333 HEIMABIÓKERFI

- Magnari 6x100 W RMS
- 100 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útlarp með 30 stöðva minni og RDS

Verð kr.: 49.900,-



PIONEER DVR-530 DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI

- DVD upptökutæki með 160GB harðum disk
- Allt að 455 klst. upptaka á harða diskinn
- Allt að 24 tíma upptaka á einn dual-layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
- DV inn- og útgangur
- 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD
- Chase Play: samhlíða afspilun og upptaka
- Ný og betri MPEG-2 þjöppun með VBR (Variable bit-rate)
- Spilar og skrifar DVD-Video, DVD-R/RW, DVD+R/RW, Dual-layer DVD-R, CD, VCD, SVCD, CD-R/RW, MP3, WMA og JPEG

Eisaverðlaun 2005-2006

Verð kr.: 69.900,-



PIONEER DVR-433 DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI

- DVD upptökutæki með 80GB harðum disk
- Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn
- Allt að 24 tíma upptaka á einn dual-layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
- DV inn- og útgangur
- 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD
- Chase Play: samhlíða afspilun og upptaka
- Ný og betri MPEG-2 þjöppun með VBR (Variable bit-rate)
- Spilar og skrifar DVD-Video, DVD-R/RW, DVD+R/RW, Dual-layer DVD-R, CD, VCD, SVCD, CD-R/RW, MP3, WMA og JPEG

Verð kr.: 54.900,-



PIONEER DV-380 DVD SPILARI

- Fjölkerfa DVD spilar með DivX
- Progressive scan - flóktfrí mynd
- Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska
- Spilar MP3, WMA tónlist og JPEG myndir
- 108MHz/12-bit Video D/A breytir

Verð kr.: 12.900,-

Pioneer

NJÓTTU ÞESS BESTA HEIMA HJÁ ÞÉR UM JÓLIN

SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS





ÖRN ARNARSON Er með hjartakvilla og missir væntanlega af EM.

Örn Arnarson:

Ekki með á EM?

SUND Sundkappinn Örn Arnarson gæti neyðst til að draga sig úr EM í sundi sem fram fer á Ítalíu í desember vegna lasleika. Örn þjáist af of örur hjartslætti en hann fór upp á spítala í gær í rannsóknir en hvort þetta er alvarlegt ætti að skýrast fljótlega.

Örn hætti þátttöku á meistaramótinu á laugardaginn eftir 100 metra skriðsundið þar sem hann hampaði sigri en hann hefur verið kvalinn undanfarnar þrjár vikur og hefur gengist undir ýmsar rannsóknir vegna kvillanna. Auk þess að vera með of háan puls er Örn með sviða í brjóstholi en þó eru einkenni Arnar ekki talin vera mjög alvarleg og eru bundnar vonir við að Örn muni verða búinn að ná sér þegar að Evrópumóti kemur.

- hph

Afreksfólkið stóð upp úr

Besta sundfólk landsins sankaði að sér verðlaunum á meistaramóti Íslands í sundi sem fram fór í Laugum um helgina.

SUND Meistaramót Íslands í sundi í 25 metra laug fór fram um helgina við glæsilegar aðstæður í Laugar-dalslaug. Anja Ríkey Jakobsdóttir í sundfélaginu Ægi, Ragnheiður Ragnarsdóttir í KR, Jakob Jóhann Sveinsson í Ægi og Örn Arnarson í Sundfélagi Hafnarfjarðar stóðu upp úr á mótinu og unnu samtals 21 grein en Anja og Jakob settu Íslandsmet á mótinu. Framundan hjá fjórmenningunum er Evrópumótið sem fram fer á Ítalíu aðra helgina í desember og gefur árangurinn á meistaramóti þeim byr undir báða vængi fyrir mótið.

„Ég er rosalega ánægð með mótið, þetta hefur verið frábært og búið að ganga vel hjá mér, ég trúi þessu varla sjálf,“ sagði Anja Ríkey við Fréttablaðið eftir meistaramótið í gær. Anja synti til sigurs í sex greinum og var að vonum ánægð með árangurinn. „Ég er ánægðust með 100 metra baksundið þar sem ég setti Íslandsmet en annars var allt mótið gott en þetta stendur upp úr. Ég er búin að vera að bæta mig mikið í nokkrum sundum sem ég er mjög

ánægð með og það er bara frábært og vonandi eru þetta góð fyrirheit fyrir Evrópumótið í desember. Ég stefni á að komast í 16-liða úrslit í 100 metra baksundinu og ég á að geta það. Allt annað er svo bara bónus,“ sagði sunddrottningin að lokum.

„Þetta mót hefur gengið allt í lagi en fyrst og fremst er það góður undirbúningur fyrir Evrópumótið“ sagði Jakob Jóhann Sveinsson úr Sundfélaginu Ægi við Fréttablaðið í gær, en hann varð hlutskarpastur í fimm greinum á mótinu. „Það var gott að ná Íslandsmetinu í 50 metra bringusundi og ég er búinn að vera að synda hratt á æfingum og litlum mótum að undanförunu og það á að geta skilað sér á Evrópumóti þar sem ég stefni á að komast í úrslitin. Þetta verður mjög sterkt mót og maður verður að laða fram það besta í sér allan tímann. Í fyrra var það 59,90 á pallinn en sá tími dugir sennilega bara inn í 16-liða úrslitin í þessu móti sem sýnir styrk þess,“ sagði Örn sem á best 1.05 mínútur í 100 metra bringusundi.



ANJA RÍKEY JAKOBSDÓTTIR Synti geysilega vel um helgina og var sátt að móti loknu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



RONALDINHO Stuðningsmenn Real klöppuðu fyrir honum á laugardag.

Ekki oft klappað fyrir Barcelona og Bernabeau:

Ronaldinho og Maradona þeir einu

FÓTBOLTI „Þetta var leikur sem alla dreymir um að eiga, þetta var fullkomin frammistaða“ sagði besti knattspyrnumaður heims, Ronaldinho eftir 3-0 burstið á Real Madrid um helgina. Ronaldinho fór gjörsamlega á kostum og skoraði tvö glæsileg mörk auk þess að sýna draumatilþrif út um allan völl. Ronaldinho var svo góður að stuðningsmenn Real stóðu upp og klöppuðu fyrir honum. „Það var mjög tilfinningarík stund fyrir mig og ég mun aldrei gleyma þessu. Þetta er ekki eitthvað sem maður býst við. Ég vissi ekki að þetta hefði bara gerst einu sinni áður hér en þá var klappað fyrir Maradona,“ sagði Ronaldinho.

„Ronaldinho er besti leikmaður í heimi. Hann sýndi það í leiknum eins og hann gerir alltaf,“ sagði Carlos Puyol, fyrirlíði Barcelona um Brasilíumanninn sem er hæld í hástert í fjölmiðlum á Spáni þessa dagana. Ronaldinho bindur enda á „galacticos“, sagði í fyrirsögn Marca sem gekk langt í gagnrýni sinni á Real Madrid um leið og þeir veðjuðu Spánarmeistarátitlinum á Barcelona í nóvember.

- hph

Mancini svarar Emre:

Ætti að tala minna

FÓTBOLTI Tyrkneski landsliðsmaðurinn Emre Belozoglu gagnrýndi Roberto Mancini, knattspyrnu- stjóra ítalska liðsins Inter Milan, harkalega í viðtali um daginn. Emre lék með Inter en er nú genginn í raðir enska liðsins Newcastle. Hann sagðist spá því að Mancini yrði rekinn innan tíðar þar sem liðið hefði valdið miklum vonbrigðum. Mancini er ekki sáttur við þessi orð Emre.

„Ég held að sumir leikmenn ættu að tala minna og hefðu frekar átt að sýna eitthvað inni á sjálfum vellinum. Ef þeir hefðu gert það væri staða liðsins allt önnur og betri. Emre er fínn leikmaður og frábær félagi en hann hefði mátt leggja meira á sig þegar hann spilaði fyrir félagið,“ sagði Mancini.



THIERRY HENRY Mun ekki þagga niður í fjölmiðlum fyrr en hann framlengir við Arsenal.

Thierry Henry:

Þreyttur á sögusögnunum

FÓTBOLTI Franski framherjinn Thierry Henry segist verða orðinn þreyttur á því að fjölmiðlar séu sífellt að orða hann við hin og þessi lið í Evrópu. Skal engan undra að sögusagnir séu á kreiki þar sem Henry á aðeins átján mánuði eftir af núverandi samningi sem hann er ekki búinn að framlengja.

Barcelona er nýjasta liðið sem er orðað við Henry og það reyndar ekki í fyrsta skipti. Þjálfari Barca, Frank Rijkaard, er mikill aðdáandi Henrys og talið er að Barca muni bjóða verulegar fúlgur í hann næsta sumar.

- hbg

HYUNDAI
hefur gæðin

Flottur, flottari... gæjalegri

VELDU TUCSON, GÆJALEGA SPORTJEPPANN FRÁ HYUNDAI.

WWW.HYUNDAI.IS



TUCSON

Verð frá kr. 2.370.000

Bill á mynd: Hyundai Tucson 2.0 diesel, 18" álfelgur, samlitur, krómpakki, krómsíli og vindkljúfasett.



Með bílinn handa þér

B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 12 TIL 16.

BÍLASALA AKUREYRAR SÍMI 461 2533 • BÍLÁS AKRANESI SÍMI 431 2622 • SG BÍLAR REYKJANESBÆ SÍMI 421 4444 • JG BÍLAR EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2524

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

TOTTENHAM-WEST HAM	1-1
1-0 Mido (16.), 1-1 Anton Ferdinand (90.).	
MIDDLESBROUGH-FULHAM	3-2
0-1 Collins John (9.), 1-1 James Morrison (64.), 1-2 Papa Boupa Diop (70.), 2-2 Aiyegbini Yakubu (76.), 3-2 Jimmy Floyd Hasselbaink (84.).	
Heiðar Helguson lék síðustu 13 mínútur leiksins fyrir Fulham.	

STADAN:

CHELSEA	13	11	1	1	31-7	34
WIGAN	12	8	1	3	15-8	25
MAN. UTD	12	7	3	2	19-12	24
ARSENAL	12	7	2	3	19-10	23
BOLTON	12	7	2	3	14-11	23
MAN. CITY	13	6	3	4	15-11	21
SPURS	12	5	5	2	13-8	20
LIVERPOOL	11	5	4	2	12-8	19
CHARLTON	12	6	1	5	17-17	19
WEST HAM	11	5	3	3	15-10	18
MIDDLESB.	13	5	3	5	18-18	18
BLACKB.	13	5	3	5	15-15	18
NEWCASTLE	13	5	3	5	12-13	18
FULHAM	13	3	3	7	14-19	12
A. VILLA	13	3	3	7	13-22	12
WBA	13	3	2	8	13-22	11
PORTSMOUTH	13	2	4	7	11-18	10
EVERTON	12	3	1	8	4-16	10
BIRMINGH.	12	1	3	8	7-17	6
SUNDERL.	13	1	2	10	12-27	5

Ítalska úrvalsdeildin:

CHIEVO-ASCOLI	1-1
Pellissier - D'Anna.	
FIorentina-AC MILAN	3-1
Luca Toni 2, Martin Jörgensen - Alberto Gilardino.	
LECCE-SIENA	3-0
Konann Vucinic, Cozzolino.	
LIVORNO-EMPOLI	2-0
Morrone, Lucarelli.	
REGGina-CAGLIARI	3-1
Amoruso, Cozza (viti), Paredes - Abejón.	
SAMPDORIA-LAZIO	2-0
Diana, Flachi.	
TREVISI-PALERMO	2-2
Reginaldo 2 - Ferri, Brianza.	

Hollenska úrvalsdeildin:

GRONINGEN-AZ ALKMAAR	0-0
Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Alkmaar og lék allan leikinn.	



MARKASKORARARNIR Egyptinn Mido hjá Tottenham og Anton Ferdinand, leikmaður West Ham, bílast hér um boltann í leik Spurs og West Ham á White Hart Lane í gær. Þeir skoruðu mörkin í jafnteflisleik, 1-1.

Mikil dramatík í enska boltanum í gær:

Hasselbaink tryggði Boro sætan sigur

FÓTBOLTI Heiðar Helguson og félagar í Fulham sóttu ekki gull í greipar Middlesbrough á Riverside-vellinum í gær. Þrátt fyrir að hafa tvisvar komist yfir í leiknum vann Boro leikinn, 3-2.

Jimmy Floyd Hasselbaink skoraði sigurmarkið sex mínútum fyrir leikslök en bæði lið lögðu allt undir á lokakaflanum sem var í meira lagi fjórugur. Hasselbaink átti einnig jöfnunarmarkið en hann skaut óvart í Yakubu og þaðan fór boltinn í netið. Boro sótti án afláts í kjölfarið og Hasselbaink tryggði síðan sigurinn eins og áður segir.

Heiðar Helguson spilaði síðustu mínútur leiksins og gerði allt vitlaust þegar hann stökk með hnéð í bakið á einum leikmanni Boro.

Í fyrri leik gærdagsins mættust Lundúnaliðin Tottenham og West Ham en bæði lið hafa verið á fenni siglingu í vetur. Spurs komst yfir með skalla-marki Egyptans Mido en það var litli bróðir Rios Ferdinand, Anton, sem jafnaði metin fyrir West Ham rétt fyrir leikslök og tryggði þeim þar með eitt stig í leiknum.



ALEXANDRE PREMÁT Hefur farið á kostum í A1-aksturskeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Línur farnar að skýrast í A1-kappakstrinum:

Frakkar búnir að stinga af

